skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Fasteignir.is

TAL
GERÐU OKKUR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
18. apríl 2011
90. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001 - 2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011

Greifarnir 25 ára

Viðburðaríkt ár fram undan hjá einni af lífseigustu hljómsveitum landsins.

tímamót 18

Reykjavík Music Mess

Vel heppnuð tónlistarhátíð fór fram í Reykjavík í fyrsta sinn um helgina.

fólk 22

Einum sigri frá titlinum

KR vann sannfærandi sigur á Stjörnunni í gær og getur tryggt sér titilinn á morgun.

sport 24

veðrið í dag

SLYDDA EÐA RIGNING víða um land. Fremur hægur vindur fram eftir degi en vaxandi vindur austanlands síðdegis. Hiti á bilinu 1 til 10 stig.

VEÐUR 4

Óvissa um lánshæfismatið

Í vikunni kemur í ljós hvort tekist hefur að sannfæra matsfyrirtæki um að lækka ekki lánshæfismat Íslands. Langtímahorfurnar hér á landi eru betri en í löndum sem metin eru hærra segir Steingrímur J. Sigfússon.

EFNAHAGSMÁL Bandarísku matsfyrirtækin Moody's og Standard & Poor's munu í vikunni ákveða hvort þau færa lánshæfismat Íslands í ruslflokk. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir óvíst að fundir íslenskra ráðamanna með sérfræðingum matsfyrirtækjanna beri tilætlaðan árangur.

Steingrímur og Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, áttu fundi um helgina með forsvarsmönnum matsfyrirtækjanna, auk forsvarsmanna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS).

„Fundirnir gengu ágætlega eftir því sem við gátum skynjað. Það er erfitt að meta hvað muni gerast, en við erum búnir að gera það sem við getum," sagði Steingrímur í gærkvöldi.

> Það eru engar efnahagslegar ástæður sem kalla á lækkun á lánshæfismati.
>
> **ÁRNI PÁLL ÁRNASON**
> EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Hann sagði útlitið gott fyrir fimmtu endurskoðun efnahagsáætlunar Íslands hjá AGS, en meiri óvissa væri í sínum huga um mögulegar breytingar á lánshæfismati Íslands. Verra lánshæfismat myndi gera íslenska ríkinu jafnt sem íslenskum fyrirtækjum erfitt að fá erlend lán.

„Við lögðum áherslu á þau meginsjónarmið að þjóðaratkvæðagreiðslan um Icesave hefði engin áhrif á getu Íslands til að standa við sínar skuldbindingar," sagði Árni Páll eftir fund með sérfræðingum Moody's í gær.

Íslensku ráðherrarnir lögðu áherslu á að matsfyrirtækin tækju sér tíma til að meta hvort yfirhöfuð yrðu neikvæð áhrif af því að þjóðin hefði hafnað Icesave-samningnum.

„Menn geta kannski sagt að einhverjar skammtímaástæður tengist ákveðinni óvissu um Ísland. En þá væru hrein skammtímasjónarmið lögð til grundvallar því að lækka lánshæfi landsins því horfur til lengri tíma eru tvímælalaust betri á Íslandi en í löndum sem metin eru miklu hærra," segir Steingrímur.

„Það eru engar efnahagslegar ástæður sem kalla á lækkun á lánshæfismati," segir Árni. Hann segir mikilvægt að hafa í huga að komi til lækkunar séu allir grunnþættir í íslensku samfélagi sterkir. Haldið verði áfram að byggja upp sterkara og agaðra fjármálakerfi, sem muni leiða til betra lánshæfismats.

- bj, óká / sjá síðu 6

ÞENUR NIKKUNA Þórður Arnar Marteinsson harmonikkuleikari leikur fyrir gesti á veitingastaðnum Frú Berglaugu á Laugaveginum. Þórður Arnar þenur nikkuna þar um hverja helgi við góðar undirtektir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

María Guðmundsdóttir:

Fílar húmorinn hans Steinda

FÓLK „Veistu það, þegar maður er orðinn svona gamall þá er maður til í allt," segir María Guðmundsdóttir, en frammistaða hennar í grínþáttunum Steindinn okkar hefur vakið verðskuldaða athygli.

MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR

Húmorinn í Steindanum okkar er oft grófari en gengur og gerist í íslensku gríni.

María segir að Steinda hafi samt aldrei tekist að hneyksla sig þegar hann beri undir hana hugmyndirnar. „Steindi er skemmtilegur og ég fíla þennan húmor," segir hún.

María byrjaði að leika þegar hún var sextug þegar hún gekk í leikfélagið í Mosfellsveit. „Svo hefur þetta rúllað. Ég hef verið í bíómyndum og sjónvarpsþáttum. Og nú er ég komin á eftirlaun og hef því nægan tíma," segir María Guðmundsdóttir.

- afb / sjá síðu 30

Ómissandi
SMJÖR

Bandarískir rabbínanemar vilja efla samfélag gyðinga hérlendis:

Leita að gyðingum hér á landi

SAMFÉLAGSMÁL Bandarískir rabbínanemar eru staddir hérlendis í þeim tilgangi að finna gyðinga og efla samfélagsvitund þeirra.

„Við höfum þegar fundið nokkra gyðinga en við teljum að þeir séu mun fleiri en vitað er um," segir Berel Pawzner, sem stendur fyrir leitinni ásamt félaga sínum Mendy Tzfasman. Þeir hafa ferðast víða um heim með sama markmið að leiðarljósi og ætla að dvelja hérlendis í minnst tvær vikur.

Á ÍSLANDI Berel Pawzner og Mendy Tzfasman eru komnir hingað í þeim tilgangi að styrkja samfélag gyðinga.

Leit félagana hefur farið fram á netinu auk þess sem þeir hafa gengið um götur Reykjavíkur og spurst fyrir um gyðinga búsetta hérlendis. Leitin hefur þegar skilað árangri þar sem nokkrir hafa boðað komu sína á kvöldmáltíð páskahátíðar gyðinga sem fram fer í dag.

- jma / sjá Allt í miðju blaðsins

SPURNING DAGSINS

Hafliði, hvað finnst matsfyrirtækjunum um þetta?

„Ætli Ísland hækki ekki um flokk hjá matgæðingum matsfyrirtækjanna?“

Hafliði Halldórsson er forseti Klúbbs matreiðslumeistara. Fjöldi nýrra veitingastaða í fínni kantinum hefur verið opnaður undanfarið og segir Hafliði að sætum á fínni veitingastöðum hafi fjölgað um 500 fyrir sumarið.

Þjóðernissinnaður flokkur Sannra Finna sigurvegari þingkosninganna í Finnlandi:

Ný ríkisstjórn í kortunum í Finnlandi

HELSINKI, AP Þingkosningar fóru fram í Finnlandi í gær. Bráðabirgðaniðurstöður í gærkvöldi bentu til þess að hægristjórn Mari Kiviniemi forsætisráðherra væri fallin. Þjóðernisflokkurinn Sannir Finnar var sigurvegari kosninganna og fimmfaldaði fylgi sitt.

Spá finnska ríkisútvarpsins YLE gaf til kynna að íhaldsflokkurinn Þjóðarbandalagið, sem á sæti í ríkisstjórn, hefði fengið flest þingsæti, 42 talsins. Jafnaðarmannaflokkurinn og Sannir Finnar komu þar á eftir með 41 sæti hvor. Miðflokkurinn, sem Kiviniemi veitir forystu, tapaði fjórðungi fylgis síns og hlýtur 36 þingsæti, gangi spáin eftir. Á finnska þinginu sitja 200 þingmenn.

Sannir Finnar lögðu í kosningabaráttunni áherslu á takmörkun innflytjenda og gerðu út á andstöðu við Evrópusambandið. Núverandi ríkisstjórnarflokkar eru allir fylgjandi Evrópusamstarfi en margir Finnar eru óánægðir með björgunarpakka ESB til Portúgals og fleiri ríkja.

Kiviniemi forsætisráðherra sagði úrslitin mikinn ósigur fyrir sinn flokk. Timo Soini, leiðtogi Sannra Finna, sagði þau hins vegar söguleg; þau væru sannarlega frábær tíðindi.

Skoðanakannanir í aðdraganda kosninganna höfðu bent til þess að ríkisstjórnin myndi naumlega halda velli.

- mþl

TIMO SOINI Leiðtogi Sannra Finna var að vonum glaður þegar úrslit kosninganna lágu fyrir. NORDICPHOTOS/AFP

STOPP Viðræður um greiðslur vegna rekstrar Sólheima hafa farið fram undir handleiðslu ríkissáttasemjara, en verið árangurslausar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Enn ósamið við Sólheima:

Segir óvissuna óásættanlega

FÉLAGSMÁL Ekki hafa tekist samningar um greiðslur til Sólheima í Grímsnesi frá því málefni fatlaðra voru færð frá ríki til sveitarfélaga um áramót. Óvissa um reksturinn er óásættanleg, segir í ályktun fulltrúaráðs Sólheima.

Viðræður við sveitarfélagið Árborg um nýjan þjónustusamning hafa staðið yfir í þrjá mánuði. Í yfirlýsingu frá sveitarfélaginu Árborg segir að í boði hafi verið samningur um sömu upphæð og á síðasta ári. Um það hafi ekki náðst samkomulag.

Þar segir að legið hafi fyrir frá því ákveðið hafi verið að flytja málefni fatlaðra til sveitarfélaganna að greiðslur samkvæmt nýju mati muni hefjast um næstu áramót. Samningur við Sólheima sem gilda ætti frá 2012 til 2014 muni taka mið af því. - bj

Afmælisleikur Fréttablaðsins:

100 heppnir fá Freyjupáskaegg

FJÖMIÐLAR Mjög góð þátttaka var í afmælisleik Fréttablaðsins sem fram fór á Vísi.is. Alls tóku fjórtán þúsund manns þátt í leiknum.

Eitt hundrað heppnir þátttakendur voru dregnir út í gær og eiga þeir von á tölvupósti þar sem greint er frá vinningnum. Vinningshafarnir fá stórt páskaegg frá Freyju.

Eistu hrúta kramin í ólöglegri geldingu

Dýralæknafélag Íslands vill að leikmenn hætti að gelda lambhrúta og bolakálfa. Þess eru dæmi að hrútar hafi komið með kramin eistu í sláturhús eftir misheppnaða geldingu. Þá þykir óhæfa að gelda án deyfingar og verkjalyfja.

DÝRAVERND Lambhrútar sem komið hafa í sláturhús hafa reynst vera með kramin eistu af völdum geldingar sem aðrir en dýralæknar hafa framkvæmt. Um þetta eru nýleg dæmi.

Svo segja dýralæknar sem Fréttablaðið hefur rætt við, en Dýralæknafélag Íslands og Dýraverndarráð hafa ásamt fleirum lengi barist gegn því að leikmenn geldi lambhrúta og nautkálfa. Engu að síður auglýsa að minnsta kosti tvo fyrirtæki sérstakar geldingartangir sem menn geta keypt án nokkurra skilyrða og notað án þess að hafa til þess menntun og leyfi.

„Geldingu þarf að framkvæma með réttum hætti,“ segir Alfreð Schiöth, ritari Dýralæknafélags Íslands. „Það er óhæft og alls ekki forsvaranlegt að gera þessa aðgerð nema með staðdeyfingu og helst að nota verkjastillandi lyf með þessu, eins og dýralæknar gera í dag.“

Hann kveðst hafa heyrt af nýlegu dæmi þar sem töngin hafi verið ranglega staðsett þegar henni var beitt. Í stað þess að klípa saman sæðiskólfinn sem gangur niður í eista hrútsins hafi hún marið eista hans í sundur. Líklegt sé að þetta hafi valdið dýrinu enn meiri sársauka en ella.

Dýralæknafélagið hefur sent bréf til búnaðarsamtaka og -sambanda þar sem þau eru hvött til að beita sér gegn því að leikmenn geldi lambhrúta og nautkálfa. Bent er á að um brot sé að ræða á dýraverndunarlögum og lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr.

Alfreð segir að félagið hafi lagt áherslu á, með fræðslu, að snúa bændum frá því að gelda dýrin sjálfir og viðkomandi fyrirtækjum frá því að selja tangirnar hverjum sem er. Hann segir ömurlegt að þessi hvatning Dýralæknafélagsins virðist ekki hafa skilað nægum árangri.

„Við erum hrædd við að þetta sé jafnvel að aukast meðal leikmanna með auknum aðgangi að þessum töngum,“ segir hann.

Sif Traustadóttir dýralæknir tekur í sama streng og Alfreð.

„Það er ekki forsvaranlegt að leikmenn séu að nota þessar tangir, sem ég tel þó talsvert um.“ Sársaukafullar aðgerðir á dýrunum eiga að vera í höndum dýralækna.

jss@frettabladid.is

FRETTABLADID/STEFÁN

GELDINGARTÖNG Geldingartangir, svokallaðar Burdizzo, eru seldar hjá að minnsta kosti tveimur fyrirtækjum hér á landi. Dýralæknar vilja ekki að hver sem er geti keypt slíka töng og notað hana.

Geldingar einungis með deyfingu

HALLDÓR RUNÓLFSSON

„Þetta hefur eitthvað færst í aukana, sérstaklega hvað varðar lambhrúta,“ segir Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir hjá Matvælastofnun, spurður um viðbrögð MAST við ákalli dýralækna sem vilja að leikmenn hætti að gelda lambhrúta og nautkálfa.

„Viðbrögð mín eru þau að setja á stofn starfshóp á vegum MAST, sem er ætlað að finna leiðir til að tryggja að þessar geldingar séu framkvæmdar með réttum hætti, sem er með deyfingum af hendi dýralækna.“

Halldór segir þá leið ekki hafa verið farna að lögsækja leikmenn fyrir að gelda ungviði, enda þurfi lögin þá að kveða skýrt og skorinort á um að það sé bannað.

„Í nýju dýraverndunarlögunum er fyrirhugað að setja undir þennan leka,“ segir yfirdýralæknir. „En ég held að menn hafi túlkað núverandi lög með þeim hætti að þau séu ekki nógu skýr til að efna til málaferla.“

Ingólfur Margeirsson látinn

Ingólfur Margeirsson blaðamaður lést aðfaranótt laugardags, 62 ára að aldri. Hann fæddist í Reykjavík árið 1948 og eftir háskólanám í Svíþjóð vann hann bæði sem blaðamaður og ritstjóri á ýmsum dagblöðum og tímaritum, þar á meðal Þjóðviljanum og Alþýðublaðinu.

Ingólfur gat sér einnig gott orð fyrir ritstörf og dagskrárgerð í útvarpi og sjónvarpi. Meðal annars stjórnaði hann eftirminnilegum þáttum um sögu Bítlanna. Hann lauk meistaraprófi í sagnfræði árið 2006. Ingólfur lætur eftir sig eiginkonu og þrjú uppkomin börn, auk tveggja uppeldisdætra.

Sautján ára piltur lést

Pilturinn sem lést í umferðarslysinu á Landeyjavegi á föstudag hét Ólafur Oddur Marteinsson og var á átjánda aldursári. Ólafur var búsettur á Selfossi og stundaði nám við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Hann starfaði einnig sem vinnumaður á bænum Eystra-Fíflholti í Landeyjum.

Slysið varð á fimmta tímanum á föstudag í Vestur-Landeyjum, suðvestur af Hvolsvelli. Pilturinn var einn í bílnum þegar slysið varð.

Er þinn auður í góðum höndum?

Okkar viðskiptavinir velja óháðan aðila sem hefur skynsemi og áhættumeðvitund að leiðarljósi.

- Séreignarsparnaður
- Eignastýring
- Langtímasparnaður

Taktu góða ákvörðun

AUÐUR CAPITAL

Borgartúni 29
S. 585 6500
www.audur.is

Leikhópurinn Vesturport fékk Evrópsku leiklistarverðlaunin afhent í gær:

Eins og að fá Óskarsverðlaunin

MENNING Leikhópurinn Vesturport fékk í gær afhent hin virtu Evrópsku leiklistarverðlaun í St. Pétursborg í Rússlandi. Afhendingin fór fram í einu stærsta leikhúsi borgarinnar fyrir framan troðfullt hús af fólki, þar á meðal borgarstjórann.

„Þetta er búið að vera æðislega gaman. Þetta er miklu flottara og stærra en við bjuggumst við. Hérna eru fjögur hundruð blaðamenn úr öllum heiminum og við erum búin að fá ógeðslega mikla athygli hérna,“ segir Rakel Garðardóttir hjá Vesturporti.

Í tilefni verðlaunanna var leikhópurinn beðinn um að setja upp tvær boðssýningar, annars vegar Hamskiptin og hins vegar Fást. Þær heppnuðust mjög vel og voru gagnrýnendur yfir sig hrifnir. 52 manneskjur á vegum Vesturports tóku þátt í uppsetningunum.

„Þetta er rosalegur heiður,“ segir Rakel um verðlaunin. „Þetta er eiginlega eins og að fá Óskarinn í bíómyndum. Það er ótrúlegt að þau séu að velja lítinn leikhóp frá Íslandi.“

Breski leikarinn Jonathan Pryce sá um að kynna Vesturport á athöfninni ásamt Benedikt Ásgeirssyni, sendiherra Íslands í Moskvu. Þetta var í fjórtánda sinn sem verðlaunin voru afhent. Leikhópurinn, sem kemur til Íslands í dag, hefur þegar fengið boð um að setja upp leiksýningar víða um heim, þar á meðal í Síberíu, Sarajevo, París og í Portúgal. - fb

VERÐLAUNAAFHENDING Vesturport tekur á móti Evrópsku leiklistarverðlaununum í St. Pétursborg í Rússlandi. MYND/GEORGIA OTKER

VERTU Í GÓÐU SAMBANDI UM PÁSKANA

3G pungur og 1 GB netnotkun á mánuði!

990 kr. á mán. í 12 mán.

1 GB netnotkun á mánuði í 12 mánuði fylgir.

3G pungur staðgreitt: 6.990 kr.

Nova pungur er hefðbundin nettenging sem breytir fartölvunni þinni í alvöru far-tölvu. Pungurinn er ódýr og góð nettenging sem getur komið í stað ADSL sambandsins heima hjá þér. Þú getur einnig tekið punginn með þér upp í bústað eða hvert sem þú ferð innanlands. Pungurinn styður allt að 7,2 Mb/s hraða.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun er greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

DAGUR & STEINI

GENGIÐ 15.04.2011

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	112,83	113,37
Sterlingspund	184,49	185,39
Evra	162,89	163,81
Dönsk króna	21,837	21,965
Norsk króna	20,817	20,939
Sænsk króna	18,152	18,258
Japanskt jen	1,3519	1,3599
SDR	180,14	181,22

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
217,2144
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samkeppniseftirlitið gefur út umræðuskjal um samkeppni á bankamarkaði:

Varar við sameiningu viðskiptabanka

SAMKEPPNISMÁL Samkeppniseftirlitið geldur varhug við samþjöppun á bankamarkaði í þeirri hagræðingu sem fram þarf að fara á markaðnum. Þetta er meðal þess sem kemur fram í umræðuskjali sem Samkeppniseftirlitið gaf út á föstudag um samkeppni á bankamarkaði.

„Það er öllum ljóst að nauðsynlegt er að hagræða í bankakerfinu. Vandinn liggur í því hvernig það skuli gert. Rannsóknir sýna að hagræðing við samruna banka er sýnd veiði en ekki gefin. Kjarni málsins er sá að stjórnendur banka þurfa fyrst og fremst að taka til hendinni heima fyrir," segir Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.

> Rannsóknir sýna að hagræðing við samruna banka er sýnd veiði en ekki gefin.
>
> **PÁLL GUNNAR PÁLSSON**
> FORSTJÓRI SAMKEPPNISEFTIRLITSINS

Samþjöppun á bankamarkaði hefur aukist töluvert frá árinu 2008 með fækkun fjármálafyrirtækja og yfirtöku stærri banka á innlánum sparisjóða. Bankakerfið þykir þó enn of dýrt miðað við umfang og frekari hagræðing því nauðsynleg. Er það mat Samkeppniseftirlitsins að hætta hafi myndast á samkeppnishömlum á markaðnum. Því varar það við frekari sameiningum eða yfirtökum á bankamarkaði. Ná verði fram hagræðingu með öðrum leiðum en samrunum.

PÁLL GUNNAR PÁLSSON

- mþl

Deila milli Frakka og Ítala:

Stöðva lest með innflytjendum

FRAKKLAND Frönsk stjórnvöld stöðvuðu í gær lest sem flytja átti fjölda innflytjenda og aðgerðasinna til landsins frá Ítalíu. Ítölsk stjórnvöld hafa lagt fram formlega kvörtun vegna þess sem þeir segja brot á reglum Schengen-svæðisins, samkvæmt frétt BBC.

Frakkar eru ósáttir við að Ítalir veiti flóttafólki frá Norður-Afríku tímabundin dvalarleyfi og beini því til Frakklands. Þeir vilja nú að innflytjendur sem koma til Frakklands sýni fram á að þeir geti framfleytt sér í landinu. - bj

Þjarmað að stjórn Obama:

Vilja stórfelldan niðurskurð

WASHINGTON, AP Fulltrúadeild Bandaríkjaþings samþykkti um helgina fjárlagatillögu repúblikana um stórfelldan niðurskurð á útgjöldum til velferðarmála. Þingmenn demókrata kusu gegn tillögunni, sem verður að öllum líkindum felld í öldungadeildinni þar sem demókratar hafa meirihluta.

BARACK OBAMA

Undanfarnar vikur hafa flokkarnir tekist á af hörku um fjárlagahallann í Bandaríkjunum. Vilja repúblikanar ganga mun lengra í niðurskurðaráformum en ríkisstjórn Obama forseta. Repúblikanar í þinginu hafa síðustu daga neitað að hækka skuldaþak ríkisins án frekari niðurskurðar en verði þakið ekki hækkað á næstu vikum veldur það greiðslufalli ríkissjóðs. - mþl

Söguleg löndun á Dalvík:

Þýskt skip landaði á Dalvík

SJÁVARÚTVEGUR Togarinn Baldvin frá Cuxhaven í Þýskalandi kom til Dalvíkur á laugardagskvöld og landaði þar um 200 tonnum af ferskum bolfiski. Er þetta í fyrsta sinn í meira en tvo áratugi sem ferskum afla úr skipi frá Evrópusambandinu er landað til vinnslu á Íslandi.

Fiskurinn var veiddur í Barentshafi, úr veiðiheimildum Evrópusambandsins. Byrjað var að vinna aflann klukkan fjögur aðfaranótt pálmasunnudags og fór hluti afurðanna með flugi á Frakklandsmarkað í nótt. - mþl

ASÍ linnir ekki látum fyrr en launin hækka

Forseti ASÍ er ósáttur við afstöðu SA í kjaraviðræðum og segir samtökin ekki munu linna látum fyrr en launahækkanir þessa árs séu tryggðar. Formaður SI segir skort á samstarfsvilja stjórnvalda hafa komið samningaviðræðunum í hnút.

KJARAMÁL Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambandsins (ASÍ), segir samtökin mjög ósátt við tengingu Samtaka atvinnulífsins (SA) á sjávarútvegsmálum við kjaraviðræður. Samningafundi var slitið á föstudagskvöld án þess að samningar tækjust.

„Þeir eru að taka vinnumarkaðinn í gíslingu. Þó höfum við krafið stjórnvöld um samráð við alla hagsmunaaðila í þessu máli eins og mörgum öðrum," segir Gylfi. „ASÍ hefur verið mjög ósátt í allan vetur við þá tengingu sem SA hefur sett fram hvað varðar sjávarútveginn."

Að mati Gylfa eru kjaramálin í heild enn nokkuð óljós. Eftir að slitnaði upp úr viðræðum á föstudagskvöld ákvað samninganefnd ASÍ að leyfa fólki að hvílast. Fyrirhugað er að nefndin komi saman í vikunni.

„Við gerðum það frekar en að taka einhverjar afdrifaríkar ákvarðanir," segir Gylfi. Hann segir að í síðustu viku hafi margt forvitnilegt komið inn í þriggja ára samninginn, sem sleginn var út af borðinu síðdegis á föstudag.

„Menn voru farnir að horfa á sömu hlutina þó að niðurstaðan væri ekki komin. Eins voru samskipti við stjórnvöld komin áleiðis, en það var ljóst að það vantaði herslumuninn," segir Gylfi. „Verkalýðshreyfingin mun ekki linna látum fyrr en launahækkanir þessa árs eru tryggðar."

Helgi Magnússon, formaður Samtaka iðnaðarins, segist ekki líta á málin svo að viðræður hafi strandað einvörðungu á sjávarútvegsmálum.

STUND MILLI STRÍÐA Kjaraviðræðum SA og ASÍ var slitið á föstudagskvöld án þess að samkomulag næðist um samning. Málin strönduðu fyrst og fremst á sjávarútveginum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Verkalýðshreyfingin mun ekki linna látum fyrr en launahækkanir þessa árs eru tryggðar.
>
> **GYLFI ARNBJÖRNSSON**
> FORSETI ASÍ

„Ég var bjartsýnn fram til föstudags að þetta myndi takast. Það sem vantaði er að ríkisstjórnin sýndi samstarfsvilja í stórum málum, eins og orkuframleiðslu, stórframkvæmdum í samgöngumálum og sjávarútvegsstefnunni."

Helgi segir forsætisráðherra ekki hafa sýnt neinn samstarfsvilja þegar SA lagði fram hugmyndir um breytingar á sjávarútvegsstefnunni.

Helgi segir einhug ríkja meðal aðildarfélaganna SA hvað varðar kjaraviðræðurnar. Samtökin upplifi að samstarfsvilji sé fyrir hendi af hálfu margra þingmanna og ráðherra í hinum ýmsu flokkum. Einungis vanti að forsætisráðherra og flokksmenn hennar komi málum í höfn í sæmilegri sátt. Sú óvissa sem ríkt hafi í sjávarútvegi síðustu ár sé óviðunandi.

sunna@frettabladid.is

FLUTTIR Margar tegundir lemúra eru í útrýmingarhættu, en þeir hafa hingað til aðeins lifað á eyjunni Madagaskar.

Umdeild áform Bransons:

Flytur lemúra milli heimsálfa

NÁTTÚRA Áform viðskiptajöfursins Richards Branson um að bjarga lemúrum í útrýmingarhættu með því að flytja þá milli heimsálfa hafa vakið hörð viðbrögð annarra náttúruverndarsinna.

Lemúrar finnast eingöngu á eyjunni Madagaskar, austur af meginlandi Afríku. Branson ætlar nú að flytja dýr til eyja í Karíbahafi og sleppa þeim lausum til að tryggja að ákveðnar tegundir verði ekki útdauðar vegna ágangs manna á kjörlendi þeirra á Madagaskar.

Bent hefur verið á að tilraunir til að flytja nýjar tegundir á svæði þar sem þær eigi ekki heima hafi oftar en ekki endað illa. Branson telur enga hættu á því í þessu tilviki. - bj

LÖGREGLUFRÉTTIR

Amfetamín á Akranesi

Lögreglan á Akranesi lagði hald á rúmlega 30 grömm af amfetamíni um helgina. Þrír menn voru handteknir í tenglsum við málin og fundust efnin ýmist við húsleit eða á mönnunum. Þeir hafa játað brot sín og teljast málin öll upplýst. Grunur leikur á að efnin hafi verið ætluð til sölu.

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

ÚRKOMA
Það verður heldur úrkomusamt á landinu næstu daga og skiptast á rigning, slydda, skúrir og él. Hitastigið verður heldur rokkandi og má búast við að það falli niður fyrir frostmark að minnsta kosti um hluta landsins.



HEIMURINN

Alicante	19°
Basel	21°
Berlín	20°
Billund	15°
Frankfurt	20°
Friedrichshafen	23°
Gautaborg	12°
Kaupmannahöfn	12°
Las Palmas	21°
London	18°
Mallorca	21°
New York	16°
Orlando	31°
Ósló	16°
París	21°
San Francisco	15°
Stokkhólmur	11°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

Viðhald
fasteigna og þakviðgerðir
Pace aðferðin




Háþrýstiþvottur



Ryðleysir




Þéttingar



Viðgerðir




Gúmmíhúðun

Þak eftir meðhöndlun

- Löggiltir PACE verktakar.
- Þakviðgerðir og málun.
- Ryð og lekavarnir.
- Grindverk og pallar.
- Viðhald sumarhúsa.

Pace aðferðin tryggir þér 100% vatnshelt og ryðlaust þak. Við komum og gerum fría ástandsskoðun. Tryggjum viðloðun og vatnsheldni í 10 ár.

Byggingarfélagið Reisir ehf.

✆ 773 4441

reisir@reisir.is · www.reisir.is

Við tökum að okkur allt viðhald fasteigna.

Auglýsingin gildir sem 20.000.- kr. inneign á Pace aðferðina (þök) ef tilboði okkar er tekið.

KJÖRKASSINN

Er rétt af hálfu borgarstjóra að neita að taka á móti varðskipum?

Já	20,7%
Nei	79,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Kemur verð á eldsneyti í veg fyrir að þú ferðist innanlands?

Segðu þína skoðun á Visir.is

SIGLUFJÖRÐUR Vinningshafinn keypti miðann í verslun Olís á Siglufirði.

Vann 60 milljónir í Lottói:

Hefur ekki gefið sig fram

FÓLK Einn var með allar tölurnar réttar í Lottóinu á laugardagskvöld og keypti hann miðann sinn í verslun Olís á Siglufirði. Fékk hann í sinn hlut rúmlega sextíu milljónir króna. Vinningshafinn hafði ekki gefið sig fram við Olís á Siglufirði í gærkvöldi þegar Fréttablaðið hafði samband við verslunina en það hlýtur væntanlega að breytast von bráðar.

Átta voru með fjórar tölur réttar í Lottóinu auk bónustölu og fær hver um sig rúmlega eitt hundrað þúsund krónur. - fb

Sinubruni á Akureyri:

Sígaretta gæti hafa kveikt í

AKUREYRI Töluverður eldur kviknaði í sinu við gömlu brúna, á milli Borgarbrautar og Lönguhlíðar, á Akureyri um klukkan hálf fjögur í gær.

Eldurinn átti upptök sín við göngubrúna yfir Glerá og telur lögregla ekki útilokað að vegfarandi hafi kastað frá sér sígarettu sem hafi kveikt eldinn. Rannsókn á eldsupptökum stendur nú yfir.

Slökkvistarf gekk greiðlega og ekki er talið að hús eða önnur mannvirki hafi verið í hættu vegna eldsins. - sv

Leggja áherslu á að ekki verði neinar vanefndir af Íslands hálfu vegna Icesave:

Óvíst að lægra mat hafi mikil áhrif

FRÉTTABLAÐIÐ, WASHINGTON Vandalaust er að skýra stöðu Icesave-deilunnar erlendis og skilningur er ytra á þeirri afstöðu þjóðarinnar að ekki hafi verið rétt að semja um skuldbindingu á meðan hún væri óljós, að sögn Árna Páls Árnasonar, efnahags- og viðskiptaráðherra.

„Í þrotabúi bankans eru eignir og Ísland í fínum málum sem land. Við erum að ná betri árangri en flest önnur lönd við að komast út úr kreppunni. Og umgjörðin sem við höfum sett utan um skuldaúrvinnslu vekur athygli og er talin til eftirbreytni í öðrum löndum," segir

ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Árni Páll. Hann kveður áherslu hafa verið lagða á það í viðræðum við önnur lönd og greiningarfyrirtæki að ekki sé um neinar vanefndir af hálfu Íslands að ræða þegar kemur að Icesave. „Ísland hefur bæði vilja og getu til að standa við sínar skuldbindingar. Þær þurfa bara að vera á hreinu."

Þá segir Árni Páll engar þær aðstæður hafa komið upp eftir Icesave-atkvæðagreiðsluna sem réttlætt gætu lægra lánshæfismat, titrings á vettvangi skuldatrygginga hafi ekki orðið vart, kjaraviðræður haldi áfram og ekki sé merkjanlegur minni áhugi á erlendri fjárfestingu á Íslandi. „Það var meira að segja bein erlend fjárfesting í íslenskum banka á mánudeginum eftir atkvæðagreiðsluna."

Þá bendir Árni Páll á að hvað fjárfesta varði muni ekki miklu á núverandi einkunn með neikvæðum horfum og lægri einkunn þar sem horfur væru stöðugar. - óká

Marie Amelie aftur til Noregs:

Fegin að vera komin heim

NOREGUR Rithöfundurinn Marie Amelie hefur fengið atvinnuleyfi í Noregi. Norsk stjórnvöld vísuðu henni úr landi eftir að hún skrifaði bók um reynslu sína sem ólöglegur innflytjandi í landinu. Hún sneri aftur til Noregs um helgina.

Marie sagði við norska fjölmiðla að hún væri afar fegin að vera komin aftur heim, en hún fór til Rússlands þegar stjórnvöld vísuðu henni úr landi.

Bók Marie komst á metsölulista á sínum tíma og í kjölfarið gripu stjórnvöld til aðgerða.

Ísland skrautfjöður í hatt AGS

AGS telur framgang efnahagsáætlunar Íslands til fyrirmyndar. Áhersla er lögð á að áætlunin renni sitt skeið og ljúki á tilsettum tíma. Fjármálaráðherra segir að greiningarfyrirtækin vanmeti stöðu landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ, WASHINGTON Í vikunni ræðst hvort matsfyrirtækin Standard & Poor's og Moody's færa lánshæfismat Íslands í ruslflokk, eins og þau höfðu boðað að þau myndu gera yrði Icesave-samkomulaginu hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Íslenskir ráðamenn funduðu með sérfræðingum S&P síðasta föstudag og Moody's í gær í Washington-borg í Bandaríkjunum. Í íslenska hópnum, sem staddur var úti í tengslum við vorfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og Alþjóðabankans, voru Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra, Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, og Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri, auk fylgdarliðs.

Í samtölum við matsfyrirtækin leggja ráðamenn áherslu á að þau bíði með að breyta lánshæfismatinu þar til í ljós komi hvort „nei" í þjóðaratkvæðagreiðslu hafi yfirhöfuð áhrif. Ella kunni ákvörðun þeirra að verða „sjálfsuppfyllandi spádómur". Að mati Steingríms J. Sigfússonar eru engar „efnislegar ástæður" til að breyta matinu að þessu sinni.

„Reyndar tel ég að lánshæfismatið á Íslandi sé of lágt og færa megi sterk rök fyrir því að við séum vanmetin nú, eins og við vorum augljóslega ofmetin á sínum tíma," segir hann og telur það snúna útkomu fyrir landið. Undirliggjandi styrkur íslensks efnahagslífs og samfélags geri hins vegar batahorfur góðar. „Menn geta kannski sagt að einhverjar skammtímaástæður tengist ákveðinni óvissu um Ísland. En þá væru hrein skammtímasjónarmið lögð til grundvallar því að lækka lánshæfi landsins því horfur til lengri tíma eru tvímælalaust betri á Íslandi en í löndum sem metin eru miklu hærra."

Fimmta endurskoðun í maí

Um leið segist Steingrímur hafa vonast til að fréttir af framgangi

Í HÖFUÐSTÖÐVUM AGS Steingrímur J. Sigfússon í sjónvarpsviðtali hjá fréttastofu Reuters í höfuðstöðvum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington-borg í Bandaríkjunum í hádeginu á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

> Við leggjum áherslu á að sem minnstar tafir verði á fimmtu endurskoðun áætlunarinnar og teljum fjármögnun vera trygga.
>
> **STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**
> FJÁRMÁLARÁÐHERRA

kjaraviðræðna yrðu betri því þróun á vinnumarkaði skipti líka máli þegar lánshæfi landsins sé metið. „Það hefði styrkt stöðu okkar í glímunni við matsfyrirtækin ef við hefðum getað sagt þeim að kominn væri á friður á vinnumarkaði. En því getum við því miður ekki lofað enn." Þá segir Steingrímur því ekki að neita að mikið hafi verið spurt út í þjóðaratkvæðagreiðsluna ytra. Hann kveðst hins vegar reyna að halda því fram að um undantekningar hafi verið að ræða í stjórnmálasögu landsins vegna sérstöðu Icesave-deilunnar.

„En því er auðvitað ekki að leyna að þessar spurningar fáum við. Menn horfa á þetta gerast og spyrja hvort umheimurinn þurfi að búa sig undir að það gerist aftur og aftur á Íslandi að samningar við önnur ríki eða erfið mál stjórnvalda stöðvist vegna þjóðaratkvæðagreiðslu."

Steingrímur segir hins vegar ekki líta út fyrir að þjóðaratkvæðagreiðslan hafi áhrif á framgang efnahagsáætlunar Íslands hjá AGS. Á vorfundinum sem lauk í gær funduðu ráðamenn ríkja sem að AGS standa, auk þess sem kynntar voru skýrslur um efnahagshorfur í heiminum og áætlanir um efnahagsaðgerðir.

„Almennt er viðhorfið hér að vel hafi gengið á Íslandi og að starfsfólk sjóðsins sem hafði Ísland á sinni könnu hafi hækkað í tign vegna þess hve áætlunin hafi verið farsæl," segir Steingrímur. Viðtökur hafi verið allt aðrar á fundinunum nú en þegar fyrri samningnum var hafnað fyrir ári. „Menn þekkja málið miklu betur og við komum upplýsingum strax á framfæri um að bú Landsbankans stæði vel og væri við það að fara að borga út. Það breytir verulega tóninum í allri umfjöllun um málið."

Áætluninni lýkur í sumarlok

Steingrímur segir útlit fyrir að þrotabú bankans greiði út fyrir áramót þriðjung hið minnsta af forgangskröfum. „Við höfum bent á að endurheimtuhorfurnar séu um níutíu prósent og miklu meiri líkur á að þær hækki fremur en lækki."

Steingrímur segist hafa fengið sérlega jákvæð viðbrögð við stöðu mála hjá Norðmönnum og Svíum. Þá séu engin merki um að Hollendingar eða Bretar hyggist bregða fæti fyrir framgang efnahagsáætlunar landsins. „Við leggjum áherslu á að sem minnstar tafir verði á fimmtu endurskoðun áætlunarinnar og teljum fjármögnun vera trygga, þótt Svíar eigi að vísu eftir að taka málið fyrir þingið." Endurskoðunin fari fram að einhverjum vikum liðnum.

Þá segir Steingrímur unnið samkvæmt þeirri áætlun að efnahagsáætlun Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum renni sitt skeið í lok sumars.

„Við og þau erum sammála um að þannig viljum við hafa það. AGS er mjög áhugasamt um að þetta haldi áfram að vera vel heppnuð áætlun sem gangi samkvæmt áætlun og þar sem markmiðunum er náð. Og ég held að það sé ekkert launungarmál að þeir sjá það þá sem skrautfjöður í hattinn." Steingrímur segir AGS í vandræðum með áætlanir margra annarra landa og vilja því gjarnan geta bent á Ísland sem dæmi um vel heppnaða áætlun sem gengið hafi vel með góðri samvinnu stjórnvalda og sjóðsins, þar sem áætlunin hafi verið löguð að þörfum landsins. „Þetta er hluti af nýrri ímynd sjóðsins og veruleika. Hann hefur verið sveigjanlegur og fallist á okkar rök og áætlunin aftur og aftur verið aðlöguð og henni breytt eftir aðstæðum." olikr@frettabladid.is

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 54619 04/11

GÓÐIR FARÞEGAR!
ÞAÐ ER DJ-INN SEM TALAR

VINSAMLEGAST SPENNIÐ SÆTISÓLARNAR OG SETJIÐ
Á YKKUR HEYRNARTÓLIN. FJÖRIÐ LIGGUR Í LOFTINU!



Icelandair er stolt af því að Margeir Ingólfsson, DJ Margeir, hefur gengið til liðs við félagið og velur alla tónlist sem leikin er um borð. Sérstök áhersla verður lögð á íslenska tónlist og þá listamenn sem koma fram á Iceland Airwaves hátíðinni.

Hluti af þessu samstarfi er sú nýjung að heimsfrumflytja í háloftunum nýjan tónlistardisk Gus Gus, Arabian Horse sem fer í almenna sölu þann 23. maí næstkomandi - en þá hafa viðskiptavinir Icelandair haft tæpa tvo mánuði til að njóta hans - fyrstir allra.

ICELANDAIR

Vel heppnuð hátíð

Tíu ára afmælishátíð Fréttablaðsins var haldin í Perlunni á laugardaginn og heppnaðist hún einkar vel. Hátt í tíu þúsund manns tóku þátt í dagskránni.

FJÖLMIÐLAR Á milli átta og tíu þúsund gestir mættu í Perluna á laugardaginn í tilefni tíu ára afmælis Fréttablaðsins. Gestirnir gæddu sér á tíu metra langri súkkulaðitertu og kláruðust sneiðarnar, sem voru um 2.200 talsins, á 45 mínútum. Vöfflur voru einnig í boði og síðan var öllu skolað niður með um þrjú hundruð lítrum af kakói og eitt þúsund Svölum. Páskaeggjaleit var einnig haldin í Öskjuhlíðinni þar sem ýmsar ævintýrapersónur afhentu miða fyrir páskaeggjum. Leitin var afar fjölmenn en eggin sem voru í boði voru um 5.600 talsins. Súkkulaðismakk var einnig í boði Freyju.

Skemmtiatriðin í Perlunni voru heldur ekki af lakari kantinum. Páll Óskar hélt uppi góðri stemningu, rétt eins og Friðrik Dór, Pollapönk og meðlimir úr Eurovision-sveitinni Vinum Sjonna.

freyr@frettabladid.is

Á AFMÆLISHÁTÍÐ Þessi litla stúlka hélt á afmælisblöðru Fréttablaðsins á hátíðarhöldunum í Perlunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

STEMNING Hreimur Örn Heimisson og nokkrir félagar í Vinum Sjonna héldu uppi góðri stemningu í Perlunni.

SÚKKULAÐIKAKA Eftirvæntingin leyndist sér ekki í andlitum afmælisgestanna þegar risastór súkkulaðikakan var afhjúpuð.

Viðhaldsfrí útihúsgögn

í garðinn eða sólstofuna

www.mondecasa.com

25%
afsláttur
af öllum vörum

Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ | Ondvegi | lifum | GALLERY GÓLF PARKET & FLÍSAR

Tilboð! 25% afsláttur
af parketi og flísum

GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR | HEIMA HÚSIÐ

Síðumúla 30 2. hæð, 108 Reykjavík, sími 562 4242, verslun@gallerygolf.is, www.gallerygolf.is
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

PITSUPRINS Konunglegt æði hefur runnið á ófáa áhugamenn um bresku konungsfjölskylduna vegna brúðkaups Vilhjálms bretaprins. Hér má sjá hagan-lega gerða flatböku með andlitum brúðhjónanna. NORDICPHOTOS/AFP

Verð á páskaeggjum lækkar á milli ára samkvæmt nýrri verðkönnun ASÍ:

Bónus selur ódýrustu páskaeggin

NEYTENDUR Bónus er með lægsta verð á páskaeggjum samkvæmt nýrri könnun verðlagseftirlits ASÍ. Kannað var verð í fjórum lágvöru-verðsverslunum og fjórum þjón-ustuverslunum víðs vegar um land-ið, miðvikudaginn 13. apríl.

Verð á páskaeggjum lækkaði sums staðar á milli ára, þó ekki hjá Bónus, Krónunni og Samkaupi – Úrvali. Verð hefur lækkað um ell-efu prósent í Nóatúni, átta prósent í Nettó, fimm prósent í Kosti og þrjú prósent í Fjarðarkaupum. Mesta hækkunin var í Hagkaupi, þar sem verð á Freyju fjöreggi án sykurs og Freyju fjöreggi án mjólkur hækkaði um tuttugu prósent.

Bónus var með lægsta verðið á þrettán páska-eggjum af 22. Samkaup – Úrval var með hæsta verðið á þrettán eggjum af 22, en Hagkaup var næst oftast með hæsta verðið, eða í átta tilvikum.

Mestur verðmunur í könnuninni var á páskaeggi númer 7 frá Nóa Síríus, sem var dýrast á 3.289 krónur í Samkaupi – Úrvali en ódýrast á 2.398 krónur í Kosti. Þar er verðmunurinn 891 krónur, eða 37 prósent.

Einnig reyndist vera mik-ill verðmunur Páskaeggi númer 3 frá Nóa Síríus, en það var dýrast á 799 krón-ur í Hagkaupum en ódýr-ast á 589 krónur í Bónus. Þar er verðmunur eða 36 prósent. Könnuð voru verð á 22 tegundum af páskaeggjum. - sv

PÁSKAEGG Bónus býður lægsta verðið á þrettán af 22 páskaeggjum í könnuninni.

Manndráp í Noregi:

Dæmdir í 17 og 8 ára fangelsi

NOREGUR Tveir Norðmenn voru á fimmtudag dæmdir í 17 og 8 ára fangelsi í tengslum við dauða 26 ára konu í upphafi síðasta árs.

Sá sem hlaut styttri dóminn hafði ofsótt konuna lengi og fékk hinn manninn til þess að nema hana á brott. Sá bar fyrir dómi að hafa ætlað að myrða skipuleggj-andann en plastband sem hann brá um háls hennar hertist of mikið og varð henni að aldurtila.

Hvorugur var dæmdur fyrir morð af yfirlögðu ráði. Málinu kann að verða áfrýjað. - þj

Stjórnendur kjarnorkuversins í Fukushima lofa betra ástandi í loks ársins:

Sex til níu mánuðir í viðbót

TÓKÝÓ, AP Stjórnendur kjarnorkuversins Fukushima Dai-ichi í Japan telja að það taki sex til níu mánuði að stöðva geislavirknilekann þar og að kæla niður kjarnaofnana.

Vonir standa til að eftir það geti þeir tugir þús-unda manna sem þurftu að flýja nærliggjandi svæði af ótta við geislavirkni snúið aftur til heimkynna sinna. Þessi langi tími hefur ekki fallið vel í kramið hjá flóttafólkinu. „Þetta ár er tapað," sagði Kenji Matsueda, sem býr í flóttamannaskýli í Fukushima eftir að hafa þurft að yfirgefa heimili sitt sem er tuttugu kílómetrum frá kjarnorkuverinu. „Ég hef ekki hugmynd um hvað ég ætla að gera. Níu mán-uðir eru langur tími og þetta gæti tekið lengri tíma. Ég held að þeir viti í raun og veru ekki hversu lang-ur tíminn verður."

Mikill þrýstingur hefur verið á stjórnvöld í Japan og rekstraraðila kjarnorkuversins, Tokyo Electric Power Company, að leysa úr eftirköstum versta kjarnorkuslyss Japans sem varð 11. mars síðastliðinn. Þá fór rafmagn af í kjarnorkuverinu í Fukushima og kælikerfi þess urðu óstarfhæf eftir að jarðskjálfti skók landið með tilheyrandi flóðbylgju.

Til að sýna samstöðu með Japönum heimsótti Hillary Rodham Clinton, utanríkisráðherra Banda-ríkjanna, Tókýó í gær og drakk te með keisaranum og keisaraynjunni. Um 28 þúsund manns hafa fund-ist látnir eða er saknað vegna flóðbylgjunnar í land-inu. - fb

STÖÐVA GEISLAVIRKNI Starfsmenn kjarnorkuversins í Fukushima reyna að koma í veg fyrir að geislavirknin dreifist út.



Lofthjúpur yfir norðurhveli:

40% þynning á ósonlaginu

LOFTSLAGSMÁL Óvenjumikil eyðing ósonlags yfir norðurhveli jarðar hefur mælst að undaförnu. Eyðinguna má rekja til óvenju kaldra háloftavinda sem hafa komið í veg fyrir að lofthjúpurinn yfir norðurheimskautinu blandaðist lofti frá suðlægari breiddargráðum.

Alþjóðaveðurfræðistofnunin telur að um 40 prósenta þynningu á ósonlaginu sé að ræða. Búast má við að áhrifa þessarar eyðingar gæti hér á landi í vor og sumar með aukinni geislun.

Versta fárviðri í tvo áratugi skildi eftir sig slóð eyðileggingar í sex ríkjum Bandaríkjanna:

Hrina skýstróka veldur miklu manntjóni

BANDARÍKIN, AP Hrina skýstróka reið yfir austurhluta Bandaríkjanna í síðustu viku. Tala látinna var komin 39 í gærkvöld.

Alls hafa 62 skýstrókar verið tilkynntir í Norður-Karólínufylki og haglél á stærð við handbolta rigndi þar niður. Er þetta talið versta fárviðri á svæðinu í tvo áratugi. Stormarnir gengu yfir Oklahoma-ríki í austur til Norður-Karólínu og Virginíu.

Björgunarsveitir leituðu fólks í rústum í N-Karólínu um helgina. Í Raleigh, höfuðborg ríkisins, lést þriggja manna fjölskylda í hjólhýsagarði. Þá létust að minnsta kosti fimm manns í Virginíufylki. Tilkynnt hefur verið um sjö dauðsföll í Arkansas-ríki, sjö í Alabama, tvö í Oklahoma og eitt í Mississippi. Átján lík hafa fundist í Norður-Karólínu.

Neyðarástandi var lýst yfir í Norður-Karólínu vegna skýstrókanna, sem hafa ekki verið fleiri síðan í mars 1984, þegar 22 hvirfilbyljir fóru yfir ríkið og kostuðu 57 manns lífið. Hundruð slösuðust.

Skýstrókur fór yfir Bertie-sýslu á laugardag og tók með sér hús, bíla og annað sem í vegi hans varð. Rafmagn fór af í ríkinu og á tímabili voru um 250 þúsund manns án rafmagns. Unnið er að viðgerð en ekki er talið líklegt að rafmagn komist á fyrr en í dag. - sv

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

EYÐILEGGING EFTIR SKÝSTRÓKINN Byggingavöruverslun í bænum Sanford í Norður-Karólínu gjöreyðilagðist þegar hvirfilbylur fór þar yfir á laugardag.

Synjað um gögn hjá FME vegna rannsóknarhagsmuna:

Synjunin var byggð á röngu ákvæði laganna

EFNAHAGSMÁL Ástæða synjunar Fjármálaeftirlitsins (FME) um afhendingu gagna til Ingólfs Guðmundssonar, fyrrverandi framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga og stjórnarformanns Íslenska lífeyrissjóðsins, eru rannsóknarhagsmunir hjá sérstökum saksóknara, er fram kemur í tilkynningu frá FME.

Í fyrirsögn í grein Fréttablaðsins um málið á mánudag í síðustu viku sagði að álit Umboðsmanns Alþingis væri að Ingólfur hefði átt rétt á því að sjá gögnin. Það er ekki rétt. Hins vegar kom fram í álitinu að FME hefði ekki notast við rétt lagaákvæði í synjun sinni til Ingólfs og mælst var til þess að málið yrði tekið upp að nýju, óskaði Ingólfur eftir því. Það hefur hann þó ekki gert.

Ingólfur er þó sjálfur ekki til rannsóknar, hefur ekki réttarstöðu sakbornings og hefur aldrei verið kallaður í skýrslutöku til embættisins. Hann fór fram á að sjá stjórnsýslugögn hjá FME eftir að yfirlýsing barst frá stofnuninni um vanhæfi hans til þess að gegna starfi framkvæmdarstjóra Lífeyrissjóðs verkfræðinga í maí síðastliðnum, en var synjað. Hann fékk þó að sjá öll þau gögn sem niðurstaða hæfismálsins byggði á, samkvæmt upplýsingum frá FME. Ingólfur kærði synjun FME og verður frávísunartillaga tekin fyrir í héraðsdómi hinn 20. apríl næstkomandi. - sv

Sérframleiðum bursta eftir þínum þörfum.

BURSTAGERÐIN ÍSLENSKUR IÐNAÐUR

Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0030 · www.burstagerdin.is

Konfúsíusarstofnun sýnir kínversku heimildamyndina:

Á valdi fortíðarinnar
(e. Nobody's Child)
Askja 132, þriðjud. 19. apríl kl. 17:30

Ungur maður á erfitt með að fóta sig í lífinu vegna skilnaðar foreldra sinna í skugga menningarbyltingarinnar.

Öllum opið, aðgangur ókeypis!

CONFUCIUS INSTITUTE 北极光孔子学院 KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS

SIGILLUM UNIVERSITATIS

Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is



skoðun

greinar@frettabladid.is

Eitt ár frá útkomu skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis:

Vel nýtt eða vannýtt?

Vinna rannsóknarnefndar Alþingis sem leit dagsins ljós í skýrslunni góðu sem út kom fyrir réttu ári var sannkallað þrekvirki. Skýrslan er stútfull af upplýsingum. Hún varpar skýru ljósi á allar þær brotalamir sem leiddu til falls íslensku bankanna þegar þær komu saman. Þannig er hún einnig vegvísir varðandi brýnar umbætur sem gera þarf bæði í stjórnsýslu og eftirlitskerfi.

Á árs afmæli skýrslunnar er eðlilegt að líta um öxl og velta fyrir sér hversu vel skýrslan hefur verið nýtt. Sömuleiðis liggur beint við að horfa fram á veginn og spá í það hvernig við munum sjá innihald skýrslunnar notað á komandi mánuðum og misserum, ekki síst til að bæta stjórnsýslu og eftirlit með fjármálastofnunum.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is

Lengi var beðið eftir útkomu skýrslunnar á sínum tíma og sumir óttuðust að afraksturinn yrði máttlítill meðan aðrir bundu vonir við að útkoma hennar myndi marka nýtt upphaf í íslensku samfélagi.

Þegar biðin var á enda kom í ljós að skýrslan stóð svo sannarlega undir væntingum. Þar er gengið hreint til verks og hlutirnir sagðir tæpitungulaust og meira að segja á nokkuð kjarnyrtu máli.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis var í raun staðfest með mjög sannfærandi hætti það sem margir höfðu talið og haldið fram, að í aðdraganda hrunsins brást nánast allt sem brugðist gat. Stjórnendur og eigendur bankanna voru engan veginn ábyrgð sinni vaxnir og stjórnsýsla og eftirlitsstofnanir of veikar til að stöðva þá þróun í átt til glötunar sem átti sér stað innan bankanna.

Enn sem komið er er ekki hægt að segja að skýrslan hafi markað nýtt upphaf í íslensku samfélagi. Hún hefur þó áreiðanlega verið betur nýtt í stjórnsýslunni en virðast kann í fyrstu.

Upplýsingar úr skýrslu rannsóknarnefndar voru til dæmis nýttar við undirbúning frumvarps til laga um Stjórnarráð Íslands sem forsætisráðherra lagði fram í vikunni sem leið. Siðareglur ráðherra litu dagsins ljós í síðasta mánuði, svo tvö nýleg dæmi séu tekin af stjórnsýsluumbótum þar sem áhrifa rannsóknarskýrslunnar gætir.

Stjórnvöld þurfa að huga að því að miðla með markvissari og skilvirkari hætti til almennings hvar og á hvern hátt skýrsla rannsóknarnefndar er nýtt við umbætur á stjórnsýslunni. Það er óþarfi að almenningur fái þá tilfinningu að skýrslunni hafi verið stungið undir stól þegar svo er ekki.

Rannsóknarskýrslan er viðamikið verk. Hún er að mörgu leyti aðgengilegt plagg ef frá er talin lengdin, sem auðvitað er mikil. Mörgum finnst kannski ekki nægilega mikið hafa breyst á því ári sem liðið er frá því að skýrslan leit dagsins ljós.

Áreiðanlega má færa fyrir því rök að umbætur hefðu getað verið hraðari og sýnilegri. Mest er þó um um vert að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis verði áfram virkt afl í umbótum á íslensku samfélagi. Efni hennar og innihald má aldrei falla í gleymsku.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

GLÆSILEGT ÚRVAL FERMINGARGJAFA
HJÁ JÓNI OG ÓSKARI

Leðurarmband
kr. 7.600
Hlekkir frá kr. 5.500

JÓ 40
JÓN & ÓSKAR 1971-2011

WWW.JONOGOSKAR.IS LAUGAVEGUR / SMÁRALIND / KRINGLAN

PIPAR\TBWA • SÍA

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hoggið á hnútinn

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, ræddi þær deilur sem staðið hafa um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu í útvarpsviðtali í gær. Friðrik lýsti því svo yfir að lítið mál væri að leysa deiluna um fiskveiðistjórnunarkefið. Það tæki ekki nema hálftíma ef menn settust bara niður og útfærðu hina svokölluðu samningaleið. Það er auðvitað hárrétt hjá Friðriki, en gildir það sama ekki um svo til allar aðrar deilur? Ef annar aðilinn einfaldlega gefur eftir tekur nú varla langan tíma að leysa deiluna, er það?

Sjaldan veldur einn...

Enginn friður virðist þó vera í vændum milli ríkisstjórnarinnar og talsmanna útgerðarinnar ef marka má pillur sem flogið hafa á milli. Þannig beindi Friðrik spjótum sínum að forsætisráðherra í viðtalinu og sagði hana í starfi sem hún réði ekki við. Seinna í gær birti Björn Valur Gíslason, þingmaður VG, pistil á vefsíðu sinni þar sem hann sagði að sér virtist eins og gorgeirinn í Friðriki hefði stigið honum til höfuðs og valdið þar skemmdum. Íslendingum fer fátt betur en að rífast um fiskveiðar.

Skrýtnir ráðherrar

Ólafur Ragnar Grímsson forseti var gestur Sigurjóns M. Egilssonar í Sprengisandi í gær. Bar margt á góma en sérstaka athygli vakti hvernig Ólafur talaði um þá Jan Kees de Jager og Danny Alexander, fjármálaráðherra Hollands og aðstoðarfjármálaráðherra Bretlands. Þann fyrri kallaði Ólafur skrýtinn og um þann seinni sagði hann að annað hvort vissi hann ekki mikið um Icesave málið eða þá að hann væri ósvífinn.

magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR

Fyrirmyndarþjóðin

Þjóðmál

Gunnar Þór Bjarnason
sagnfræðingur

Fyrir nokkrum árum voru Íslendingar fyrirmynd annarra þjóða. Allt stóð í blóma. Djarfir athafnamenn fóru á kostum á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og sýndu hvers megnugir afkomendur stoltra víkinga voru í viðskiptum. Og það var bara forsmekkurinn af því sem í vændum var, sögðu menn. Ísland skyldi verða alþjóðleg fjármálamiðstöð og peningum bókstaflega rigna yfir landslýð. Hér var allt svo frjálst og gott og því óþarfi að læra af öðrum þjóðum, allra síst Norðurlandabúum.

Við sváfum á verðinum og létum blekkjast, mörg hver. Illu heilli. Því svo varð hrun.

En þegar neyðin er stærst er hjálpin næst. Nú „hefur Ísland tekið forystu meðal þjóða heims í baráttu fólks gegn alþjóðlegum fjármálamörkuðum“, segir Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins. „Nú verður horft til Íslands sem fyrirmyndar“, skrifar hann, nú sýnum við heiminum hvernig á að meðhöndla ágjarna erlenda fjárplógsmenn. „Afkomendur þeirra, sem fyrir ellefu hundruð árum vildu ekki láta kúga sig í Noregi hafa sýnt hverrar gerðar þeir eru.“

Alltaf fremstir og til fyrirmyndar.

> Við sváfum á verðinum og létum blekkjast, mörg hver. Illu heilli. Því svo varð hrun. En þegar neyðin er stærst er hjálpin næst.

Alltaf sér á báti, alveg einstakir. Hinn frjálsi og sjálfstæði Íslendingur lætur enn á ný finna fyrir sér, líkt og hann gerði fyrir ellefu hundruð árum. Líkt og hann gerði í góðærinu mikla á fyrstu árum 21. aldar. Nú snúum við vörn í sókn og ekkert fær stöðvað þjóðina. Enda eru vanir menn í fararbroddi. Í erlendu viðskiptablaði skrifar íslenskur stjórnmálafræðingur að úrslitin í þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave þýði að tveir stjórnmálamenn, öðrum fremur, hafi styrkt stöðu sína: Ólafur Ragnar Grímsson og Davíð Oddsson. Ferskir og flekklausir.

Nýtt Ísland?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Fjörbrot frekjunnar

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

SA vill ráða fjárlögum. SA telur það vera samningsatriði milli atvinnurekenda og ríkisstjórnar hvernig vegagerð skuli háttað í landinu, stóriðju, virkjanaframkvæmdum, en slíkt skuli ekki ákveðið af fulltrúum sem þjóðin hefur valið í kosningum.

ASÍ er að nafninu til með í þessum kjaraviðræðum en varla sem viðsemjandi heldur fremur eins og barn í forræðisdeilu.

Eða kannski er ofmælt að tala hér um „samningsatriði“. SA vill bara ráða þessu. SA telur að ríkisstjórnin eigi að fara að kröfum sínum um stjórn landsins og hirðir ekkert um lýðræðislegt umboð stjórnarinnar. Talað er um að forsetinn hafi sett stjórnskipan landsins í uppnám og grafið undan þingræðinu með því að vísa Icesave í dóm þjóðarinnar – en hvað má þá segja um það vald sem SA hyggst taka sér yfir því hvernig stjórn landsins skuli háttað?

Framganga SA er vitnisburður um þjóðarböl sem við þurfum kannski að fara að ræða meira um og jafnvel að fara að senda menn í meðferð við: Frekju.

Frekjusamfélagið

Frekjan var helsta hreyfilafl samfélagsins á árunum upp úr aldamótum – og systir hennar græðgin. Frekjan er oflæti á sterum. Frekjan er heimsk. Hún er sjóblind. Hún er ábyrgðarlaus. Hún er bernsk. Frekjan umber ekkert og hatar allt. Hún vegsamar vanþekkinguna og sértúlkunina og sannleikshagræðinguna. Hún er alltaf reið. Hún elskar rifrildið. Henni fylgir fullkomið áhugaleysi um aðrar hliðar mála en sína eigin og algjört skeytingarleysi um afleiðingar gjörða sinna. Hún hlustar ekki en talar bara, skynjar ekki en vill bara. Hún horfir ekki en rótast áfram. Hún skilur ekkert, lærir ekkert, en vex bara upp á ný þar sem hún þrífst og þar sem hún er ekki upprætt.

Íslenska bankakerfið dó úr frekju – meðal annars. Það er allt rakið í efnahagslegum og lagalegum þaula í Rannsóknarskýrslunni um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna sem nú er einmitt ársgömul.

Í tilefni af því afmæli datt mér reyndar í hug að stela hugmynd – og létta mér um leið lífið á sunnudagsmorgni – og skrifa pistil undir fyrirsögninni: Lærdómar okkar af Rannsóknarskýrslunni. Og hafa dálkinn auðan.

En þá væri ég að svíkjast um. Og kannski væri það ekki allskostar sanngjarnt. Hugsið ykkur bara: Útgerðarmenn fá ekki lengur allt sem þeir heimta.

Friðrik J. Arngrímsson segir að Jóhanna Sigurðardóttir ráði ekki við starfið sitt – sem er alveg dæmigerður talsmáti frekjunnar – og að hægt sé að leysa deiluna á hálftíma. Hann á við þetta: það tekur enga stund að semja við okkur; það þarf bara að fallast á allar kröfur okkar.

Þrátt fyrir allt höfum við nú ríkisstjórn sem ekki tekur með bugti og frukti við fullsömdum frumvörpum um sjávarútvegsmál úr hendi LÍÚ.

Kannski að sumir hefðu hugsað fyrir nokkrum árum: Já þetta er satt, það má ekki vera óvissa í greininni. En þeir dagar eru löngu liðnir. Enginn trúir þeim. Útgerðarmenn hafa sjálfir fyrirgert rétti sínum til prívat-aðgangs að auðlindinni. Við höfum séð of mörg dæmi þess að útgerðarmenn hafa tekið fé út úr greininni sjálfir til að koma í skjól í Tortólum heimsins, of mikið af hundakúnstum í bókfærslu, of mikið af ævintýralegum lántökum með veði í kvóta til að fjárfesta í tómri steypu, eins og blasir við hér um allt. Við höfum séð of mörg dæmi þess að útgerðarmönnum þyki sjálfum ekki vænt um atvinnugreinina sína. Við höfum séð of mikið af frekju.

> SA telur að ríkisstjórnin eigi að fara að kröfum sínum um stjórn landsins og hirðir ekkert um lýðræðislegt umboð stjórnarinnar.

Fram fjáðir menn…

Það er við hæfi á ársafmæli Rannsóknarskýrslunnar um aðdraganda og orsakir hrunsins að frekjan minni á sig. Alveg í anda aldamótaáranna að útgerðarmenn hyggist nú taka allt atvinnulíf landsmanna í gíslingu, krefjist þess að ríkið gangi að kröfum um að festa kvótalénskerfið í sessi fyrir stjórnlagaþing, og kenna þá kröfugerð sína við „sátt“ og „frið“. Svona töluðu þeir alltaf líka í Sovétríkjunum: í öllum ræðum harðstjóranna þar komu ævinlega fyrir orðin mir og drúsba, „friður“ og „vinátta“. Frekjan snýr ævinlega við merkingu orðanna – hún beitir alltaf orðin siðferðislegri misnotkun.

Til að fá kröfum sínum framgengt um óbreytt fyrirkomulag í sjávarútvegi, svo að þeir megi halda áfram að ausa fé í hver annan og reisa hallir í Konstantínópel og fela peninga á Tortóla, eru útgerðarmenn og sendimenn þeirra reiðubúnir að gera hvað sem er – meira að segja hækka kaupið hjá almenningi, sem sýnir hversu örvæntingarfullir þeir eru.

Þeir eru meira að segja reiðubúnir að láta vini sína hjá ASÍ, Gylfa og félaga, ganga í gegnum þá hroðalegustu þraut sem þeir geta hugsað sér og vita ekkert hvernig þeir eiga að komast í gegnum: að fara í verkfall.

AF NETINU

Stöðugar hótanir

Samtök atvinnulífsins og Landssamband íslenskra útvegsmanna hafa gengið fram af þjóðinni. Mánuðum saman hafa þessi samtök haft upp stöðugar hótanir í garð stjórnvalda, launþegar og reyndar þjóðarinnar allrar. Það er næsta víst að hrokinn og yfirlætið átti stóran þátt í því að þjóðin snerist síðustu vikuna gegn Icesave samningunum í almennri atkvæðagreiðslu og felldi þá með afgerandi mun.

www.kristinn.is

Kristinn H. Gunnarsson

Alls konar fræðingur

Ég sjálf hef ýmist kallað mig markaðsfræðing, viðskiptafræðing eða listasögufræðing með starfsmannastjórnun sem sérgrein (sko, allavega þrísaga). Ég er einnig með ólokið framhaldsnám á meistarastigi (helv...ritgerðin) og hef tekið fjöldann allan af námskeiðum, m.a. í verslunarstjórnun, alþjóðafræðum og kerfisfræði.

blog.eyjan.is/eyglohardar

Eygló Harðardóttir



KRÓNAN

fyrst og fremst ódýr

30% afsláttur

2799 kr. kg

Verð áður ~~3998~~ kr. kg
Ungnauta Rib Eye, erlent

FRÁBÆRT VERÐ

3998 kr. kg

Ungnautalund, erlend

50% afsláttur

1749 kr. kg

Verð áður ~~3498~~ kr. kg
Ungnauta innralæri, erlent

VEISLUMATUR Á LÆGRA VERÐI!

ÓFROSIÐ

1298 kr. kg

Lambalæri, kryddað

ÓFROSIÐ

1298 kr. kg

Lambalæri

ÓFROSIÐ

1528 kr. kg

Lambahryggur

FRÁBÆRT VERÐ

989 kr. kg

Krónu hamborgarhryggur

20% afsláttur

2398 kr. kg

Verð áður ~~2998~~ kr. kg
Sambands hangilæri, úrb.

20% afsláttur

1998 kr. kg

Verð áður ~~2498~~ kr. kg
Sambands hangiframpartur, úrb. 1/1

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl

EXPO • www.expo.is

GJAFA KORT
KRÓNAN

Gjafakort Krónunnar fæst á www.kronan.is

ÓDÝRT

698 kr. kg

Grísabógur, hringskorinn

20% afsláttur

958 kr. kg

Verð áður ~~1198~~ kr. kg

Grísahryggur m/ pöru

SPRENGI-VERÐ

699 kr. kg

Verð áður ~~1498~~ kr. kg

Grísakótilettur, magnpakkning

PÁSKAEGG í miklu úrvali!

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

Ræktun erfðabreytts byggs utandyra: Genaflæði enn einu sinni

Erfðabreytt ræktun

Kesara Anamthawat-Jónsson,
Prófessor

Það er einkennilegt að ræktun erfðabreytts byggs utandyra skuli vera leyfð á Íslandi, áður en óyggjandi niðurstöður á umhverfisáhættu liggja fyrir. Því er einnig einkennilegt að hópur 37 vísindamanna landsins skuli vera algjörlega sannfærður um að lítil hætta sé á genaflæði frá erfðabreyttum byggplöntum til óbreyttra plantna eins og fóðurbyggs sem ræktað er víða á landinu. Hvernig geta þeir verið vissir um að hættan á genaflæði sé hverfandi?

Mig grunar að þessi sameiginlega skoðun þeirra byggi á rannsókn sem var gerð á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands á tímabilinu frá 2003 til 2005. Nú hafa niðurstöður þessarar rannsóknar verið birtar í tímaritinu IAS (Icelandic Agricultural Sciences 23, 2010, 51-59) í grein eftir Jónatan Hermannsson, Þórdísi A. Kristjánsdóttur, Tryggva S. Stefánsson og Jón Hallstein Hallsson. Greinin nefnist „Measuring gene flow in barley fields under Icelandic sub-arctic conditions using closed-flowering varieties“. En hvernig var „genaflæðið“ mælt? Í grein Jónatans og félaga var genaflæði ekki mælt heldur túlkað. Tvíraða og sexraða byggplöntur voru látnar vaxa hlið við hlið og rannsóknin sýnir fram á að tveir blendingar hafi myndast í tilraunum á Möðruvöllum, en enginn blendingur fannst í tilraunum í Gunnarsholti. Þannig fengu þau víxlfrjóvgunartíðnina 0.002% í umhverfi Möðruvalla, en 0.0003% ef Gunnarsholt var með í útreikningnum. Lokaálit greinarinnar er svohljóðandi: „Það má telja að alfarið sé hægt að koma í veg fyrir flutning erfðaefnis milli byggyrkja með því að hafa lágmarksfjarlægð milli akra og viðhafa góð vinnubrögð í ræktunni.“

Er hægt að draga ályktun um áhættu á genafræði út frá þessari rannsókn? Tvö byggsyrki voru notuð í rannsókninni: Golden Promise sem er tvíraða byggsyrki upphaflega frá Skotlandi (sama yrki og það sem er notað í framleiðslu lífvirkra prótína með erfðatækni) og Ven sem er sexraðabygg frá Noregi. Fyrst voru víxlarnir framkvæmdar í gróðurhúsi, þar sem sexraðabygg var notað sem móðir og tvíraðabygg sem frjókornagjafi. Í greininni er sagt að afkvæmi víxlanna sé með blendingssvipgerð. Á kornaxi blendingsplöntunnar þroskaðist korn aðeins betur í þeim röðum sem eru yfirleitt ófyllt í tvíraðabyggi, en í eðlilegum sexraðabyggi eru korn í öllum sex röðum fullþroskuð. Þetta sjónræna mat var síðan notað sem ótvírætt viðmið í leit að blendingum í útiræktunartilraunum. Þannig fundust

> Ég tel það ábyrgðarleysi hjá vísindamönnum að gera ekki kröfur um fullnægjandi rannsóknir.

tvær plöntur með þessari svipgerð úr tilraunum á Möðruvöllum. Þessum tveimur plöntum var síðan leyft að vaxa og mynda fræ og plönturnar sem uxu af þessum fræjum voru tvær sexraða og 19 tvíraða byggplöntur. Höfundar greinarinnar ályktuðu að þetta væri enn frekar staðfesting á því að víxlfrjóvgun hafi átt sér stað á milli byggsyrkjanna.

Þótt sérfræðigrein mín sé plöntuerfðafræði á ég erfitt með að skilja þessa tilraun. Af hverju var blendingsplöntum úr víxlunum ekki leyft að sjálffrjóvgast til þess að kanna hvernig afkvæmi aðskiljast erfðafræðilega? Engin lýsing var sett fram um framkvæmd víxlana, engar tölur voru gefnar upp og tölfræði var hvergi beitt. Af hverju fannst ekki blendingssvipgerð meðal afkvæma blendingsplantna úr útiræktuninni? Hvernig vita höfundar að útlit blendinga sé ekki líka svipað og útlit foreldranna? Engin erfðafræðileg skýring er gefin í greininni, reyndar eru höfundar frekar upptekinr af því að sannfæra lesendur um að áhættan á genaflæði sé nánast engin, og vegna þess er talið óhætt að rækta erfðabreytt bygg utandyra.

Er hægt að draga ályktun um áhættu á genafræði með því að athuga víxlfrjóvgun á milli fjarskyldra byggsyrkja? Tvíraða og sexraðabygg eru ólíkir hópar innan tegundarinnar Hordeum vulgare, en þeir hafa líklega aðskilist frá hvor öðrum fyrir löngu. Sexraðabygg er talið hafa myndast af tvíraðabyggi í Miðausturlöndum fyrir um tíu þúsund árum. Hópi plöntuerfðafræðinga frá Japan, Þýskalandi og Svíþjóð hefur tekist að einangra gen sem skráir fyrir sexraða eiginleika byggs (Komatsuda et al. Proceedings of the National Academy of Sciences of the USA 104, 2007, 1424-29). Þetta gen, sem nefnist Vrs1 (vulgare six-rowed spike 1), er umritunarþáttur og sýnir víkjandi erfðir. Í tvíraðabyggi er genið tjáð og þar af leiðandi fullþroskast einungis tvær raðir af kornum, en í sexraðabyggi gerir óvirkt form gensins það að verkum að allar sex raðirnar fyllast af fullþroskuðum kornum. Gen sem skrá umritunarþætti, eins og Vrs1, geta haft stjórnunaráhrif á tjáningu margra gena samtímis – það þýðir að við höfum ekki hugmynd um hvernig útkoma víxlæxlunar væri á milli tvíraða- og sexraðabyggs. Auk þess virðist vera til fjöldi útgáfa af geninu og þær geta haft mismunandi áhrif á svipgerð.

Til þess að fá öruggar niðurstöður um genaflæði er nauðsynlegt að greina tilvist framandi gens eða gena og meta tjáningu þeirra í viðtökuplöntum með sameindaerfðafræðilegum aðferðum. Mér er ekki kunnugt um að þetta hafi verið gert. Ef svo er, eiga þessar niðurstöður að vera aðgengilegar. Áður en niðurstöður úr slíkum tilraunum liggja fyrir, getum við alls ekki sagt fyrir hvort hætta á genaflæði frá erfðabreyttu byggi til óbreyttra byggsplantna sé lítil eða mikil. Ég tel það ábyrgðarleysi hjá vísindamönnum og viðeigandi faghópum að gera ekki kröfur um fullnægjandi rannsóknir áður en alhæft er um áhrif í náttúrunni.

Orðfæri „Frá degi til dags“

Stjórnmál

Höskuldur Þór Þórhallsson
þingmaður Framsóknarflokksins

Að gefnu tilefni tel ég nauðsynlegt að leiðrétta örstutta lýsingu á viðhorfum mínum til vantraustsyfirlýsingar Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins sem birtist í Fréttablaðinu sl. föstudag í dálkinum „Frá degi til dags“. Var þar gefið í skyn að ég hefði orðið tvísaga og „segði eitt í dag en annað á morgun“. Þannig var tekinn orðréttur úr fyrri ræðu minni eftirfarandi ræðubútur „Væri þá ekki réttast, í ljósi þess að ég treysti ekki ríkisstjórninni, að hér kæmi fram vantraustsyfirlýsing ... . Hinn eðlilegi farvegur slíkrar tillögu væri að hún kæmi frá formanni stærsta stjórnarandstöðuflokksins á Alþingi og ég fagna því að hún er nú komin fram. Hún verður að koma úr þeirri átt til að mark sé á henni takandi.“ Var svo tekið fram að daginn eftir hefði verið komið annað hljóð í strokkinn. Ég hefði þá sagt að nú væri grunnur hennar veikur þar sem það var Sjálfstæðisflokkurinn sem lagði hana fram en hann hefði að meginstofni til, fylgt ríkisstjórninni að málum í Icesave.

Ef fréttamaðurinn hefði lesið örlítið lengra úr fyrri ræðu minni sem hann birti ofangreindan texta orðrétt upp úr hefði hann séð að næsta setning á eftir setti þetta allt í samhengi. Þar sagði ég nefnilega um tillöguna „ Ég verð samt að viðurkenna að á henni er einn stór og mikill galli, ríkisstjórnin situr nú í skjóli þeirra sem sögðu já við Icesave-samningunum á Íslandi.“

> Þrátt fyrir að ég fagnaði vantrausts-tillögunni benti ég strax á að grunnur hennar væri veikur.

Þessi setning, sem fréttamanninum yfirsást, er grunnurinn að þeirri skoðun minni að vantrauststillaga sjálfstæðismanna væri veik. Sérstaklega í ljósi þess að hún kom ekki bara fram í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave heldur einnig í umræðum um niðurstöðu hennar. Í því ljósi mat ég einnig tímasetningu hennar með öllu ótímabæra, „vegna þess að ef menn hefðu beðið, andað með nefinu, tel ég að það hefði verið hægt að leggja fram síðar á þessu þingi vantrauststillögu sem hefði getað leitt til þess að ríkisstjórnin hefði farið frá völdum“ eins og ég tók fram í seinni ræðu minni.

Þessi skoðun mín hefði líka ekki átt að koma á óvart vegna þess að hún kom einnig fram í frétt sem birtist á netmiðlinum visir.is strax á eftir ræðunni um niðurstöðu Icesave-þjóðaratkvæðagreiðslunnar en þar segir: „Í samtali við Fréttastofu segir Höskuldur að eðlilegra hefði verið að vantrauststillagan hefði komið frá öllum minnihlutanum en ekki bara frá Sjálfstæðismönnum, „til þess að þetta líti ekki út eins og menn séu að bjarga eigin skinni,“ segir Höskuldur og bætir við að sér finnist algjörlega ótímabært að leggja hana fram á þessu stigi málsins.“

Í stuttu máli. Þrátt fyrir að ég fagnaði vantrauststillögunni benti ég strax á að grunnur hennar væri veikur. Sérstaklega í ljósi þess að hún kom fram í umræðu um Icesave-þjóðaratkvæðagreiðsluna. Í því ljósi væri hún ótímabær auk þess sem vinna hefði mátt henni meira fylgis þannig að raunverulega væri hægt að koma ríkisstjórninni frá. Þetta er í mínum huga ekki að segja eitt í dag og annað á morgun eins og orðfæri greinarhöfundar frá Degi til dags gaf til kynna.

Páskarnir eru á næsta leiti en þeir eru tími pastellitanna. Kaupið fölbleikar hýasintur, myntugræn kerti og ljósbláar servíettur og páskarnir eru komnir í hús.

Myndlistarvörur í miklu úrvali !

LISTALAGERINN

JÁRNaGLER

Skútuvogur 1h (Barkarvogsmegin)
104 Reykjavík s: 58 58 900
www.jarngler.is - jarngler@jarngler.is

TECE

ideal STANDARD

TRYGG GÆÐI VOTTAÐ GÆÐAEFNI

Upphengt salerni með innbyggðum kassa

Tilboð 45.000

ÍSLEIFUR JÓNSSON

Dragháls 14 - 16
110 Reykjavik

Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01

www.isleifur.is

Þórunn Hannesdóttir vöruhönnuður lét gamlan draum rætast þegar hún komst á útsölu.

Innblástur frá Eames

Þórunni Hannesdóttur vöruhönnuð hafði lengi dreymt um að eignast stól eftir bandarísku hönnuðina Charles og Ray Eames. Draumurinn varð að veruleika þegar hún komst á útsölu í Pennanum.

„Þegar ég var í námi í London vann ég í Harrods við að selja vörur eftir Eames og setti mér það sem takmark að eignast þennan stól einhvern tíman. Þegar hann fór á útsölu eftir að ég var komin heim var ég akkúrat búin að vinna mér inn nógu mikið og keypti stólinn í staðinn fyrir að borga reikningana. Stóllinn tengir mig við þennan tíma þegar ég var að byrja og oft finnst mér bara nóg að horfa á hann, þá hlýnar mér um hjartaræturnar," segir Þórunn.

Stóllinn er hannaður í kringum árið 1950 og segist Þórunn sækja til sjötta áratugarins í eigin hönnun.„Þetta er sameiginlegur áhugi okkar þriggja sem stöndum saman að Færinu. Við hönnum húsgögn og fylgihluti fyrir heimilið, notum þennan stíl sem innblástur og brúum þannig kynslóðabilið."

heida@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fermingartilboð

NÝTT 12 mánaða vaxtalausar greiðslur

Gerið GÆÐA- og verðsamanburð

10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum

SAGA
Stærð Verð
120x200 109.900 kr.

IQ-CARE
Stærð Verð
120x200 164.900 kr.

Svefn & heilsa

www.svefn.is

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

Smáhlutahillur eru mikið þarfaþing enda safnast minjagripir og annað smálegt oftar en ekki upp á heimilum. Í stað þess að dreifa þeim í aðra hverja gluggakistu eða yfir sófaborðið er tilvalið að koma þeim fallega fyrir í fallegri þar til gerðri hirslu uppi á vegg.

nettoline
ELDHÚS-BAÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKÁPAR
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM
OG 10% AÐ AUKI
SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN
friform.is
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

HOLLUR
BITAFISKUR
+80% prótín
Fiskneysla er góð fyrir heilabúið

GULLFISKUR
Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

Berel Pewzner og Mendy Tzfasman dvelja hér í tvær vikur, bæði til að leiða aðalpáskamáltíð gyðinga og til að tengja saman gyðinga búsetta hérlendis. MYND/ÚR EINKASAFNI

Gyðingar á Íslandi sameinist

Berel Pewzner og Mendy Tzfasman, bandarískir rabbínanemar, dvelja hér á landi í tvær vikur í þeim tilgangi meðal annars að finna gyðinga á Íslandi. Í dag munu þeir leiða kvöldmáltíð páskahátíðar gyðinga.

„Það má segja að þetta sé fjársjóðsleit okkar að gyðingum búsettum á Íslandi. Við höfum ferðast víða um heim, í þessum sama tilgangi; að finna gyðinga og tengja þá saman í því samfélagi sem þeir búa í," segir Berel Pawzner rabbínanemi frá Bandaríkjunum. Hann og félagi hans, Mendy Tzfasman, munu dvelja í tvær vikur á landinu. Í kvöld leiða þeir kvöldmáltíð páskahátíðar gyðinga í sal í Reykjavík en máltíðin samanstendur af matarréttum sem tákna ýmsa þætti í flóttanum úr ánauð gyðinga í Egyptalandi sem segir frá í bíblíunni. Við málsverðinn er frásögnin rifjuð upp og á einkum að halda athygli barnanna.

„Við komum með fullar töskur af matvælum fyrir helgimáltíðina, svo sem ósýrt flatbrauð, vínberjasafa og fleira. Við gátum auðvitað ekki komið með kjöt eða slíkar vörur með okkur út af reglugerðinni en við viljum gjarnan fá gyðinga hérlendis til að sameinast með okkur í kvöld," segir Berel. Hann bendir þeim gyðingum sem kunna að lesa þetta á að hafa samband í tölvupósti í dag en netfangið er icelandseder@gmail.com.

„Við höfum þegar fundið nokkra gyðinga en við teljum að þeir séu mun fleiri en vitað er um. Við viljum hitta þá og styðja andlega og styrkja samfélag þeirra á Íslandi. Það skiptir engu máli hversu marga við finnum, hver manneskja sem við rekumst á er demantur," segir Berel, en þeir félagar nota ekki bara internetið í leit sinni heldur ganga þeir um götur bæjarins, kíkja inn í verslanir og spyrja fólk hvort það viti um gyðinga búsetta hérlendis. Þeir hvetja fólk til að hafa samband við sig í gegnum tölvupóstinn. *juliam@frettabladid.is*

HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

FRÁBÆRT TILBOÐ
Á VÖNDUÐUM ÍTÖLSKUM TÆKJUM

ELBA
Ofnar
4-kerfa hvítur.....kr. 59.900
4-kerfa stál.....kr. 74.900
8-kerfa hvítur.....kr. 84.900
8-kerfa stál.....kr. 94.900
2ja hólfa stál.....kr. 159.900

HELLUBORÐ MEÐ SNERTIROFUM:
580x505 mm.....kr. 64.900
770x550 mm.....kr. 89.900
580x505 mm SPAN.....kr. 99.900

60 cm. hvít eða stál, þvoanleg fitusía, kolsía fylgir.
VERÐ nú aðeins.....kr. 9.900

60 cm útdraganleg, þvoanleg fitusía, kolsíur fylgja.
VERÐ nú aðeins.....kr. 29.900
ÞETTA ER AÐEINS BROT AF ÚRVALINU
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

GLEÐILEGT SUMAR
MEÐ TUDOR

Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja
mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · www.skorri.is

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

Geymslu-
og dekkjahillur
kr.15.990.-
viðbótareining kr. 11.357.-

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið
Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00

Hafðu það traust, gott og heimilislegt um páskana

Bogi Pétursson lögg. fasteignasali
Finnbogi Hilmarsson lögg. fasteignasali
Andri Sigurðsson lögg. leigumiðlari

Sími 530 6500
heimili@heimili.is

Erum með fjölda eigna á skrá þar sem fólk er tilbúið að skoða ýmis skipti.
Hafðu samband við okkur og kannaðu möguleika á eign í makaskiptum. Þú gætir verið komin í hentugri eign áður en þú veist af.

Á Heimili fasteignasölu starfa eingöngu öflugir löggiltir fasteignasalar,með áratuga reynslu í fasteignasölu, sem eru tilbúnir að vinna fyrir **ÞIG!** Við leggjum áherslu á vönduð og traust vinnubrögð með hagsmuni þína að leiðarljósi.

heimili FASTEIGNASALA

RE/MAX Senter

Kristján Ólafsson
Lögg. fasteignasali

Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX

Vantar eignir á skrá í 101 miðbæ Rvk

Verðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772

audur@remax.is
Auður Kristinsdóttir
Sölufulltrúi RE/MAX Senter

Auglýsingasími
512 50 50
Allt sem þú þarft...

Vinsælt gistiheimili

Fasteignasalan fasteign.is hefur til sölu gistiheimilið Frost og Funa í Hveragerði.

Gistiheimilið Frost og Funi í Hveragerði er á bökkum Varmár rétt fyrir ofan bæinn og hafa herbergin útsýni yfir ána upp í dalina og fjöllin. Gistiherbergin eru sautján talsins, öll með sérbaði. Við gistiheimilið er tólf metra sundlaug, tveir heitir pottar og gufubað á jarðhæð aðalhússins.

Morgunverðarstofa tengist aðalhúsinu en átta herberjanna eru í smáhýsum sem standa hlið við hlið.

Tvö íbúðarhús fylgja að auki, annað nýlegt (110 fm) og hitt eldra sem notað er sem starfsmannahús. Heimilt er að reisa fleiri byggingar á lóðinni.

Allur búnaður í eldhúsi, húsgögn í morgunverðarstofu og herbergjum og lín, handklæði og sloppar fylgja með í sölu ásamt iðnaðarþvottavél og þurrkara í þvottahúsi. Útivistarmöguleikar eru margvíslegir, til dæmis merktar gönguleiðir og náttúrufyrirbrigði. Þá er níu holu golfvöllur í göngufæri.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur B. Blöndal, löggiltur fasteigna- fyrirtækja- og skipasali. Sími: 590-0800, 690-0811.

Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested
lögg. fasteignasali.
einar@fastmos.is

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Litlikriki 13 - 270 Mosfellsbær

Glæsilegt og vel skipulagt 295,1 fm einbýlishús á 2 pöllum með 2földum bílskúr við Litlakrika í Mosfellsbæ. Húsið er mjög fallegt og mikið lagt í frágang innandyra, lýsing er hönnuð af Lúmex, hnotuparket og flísar eru á gólfum, innréttingar eru frá JKE Design og vönduð tæki í eldhúsi. **Lækkað verð! V. 59,9 m.** 4485
Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:30 til 18:00

Langholtsvegur - 104 Reykjavík

Mjög björt og falleg 85,8 m2 4ra herbergja íbúð, ásamt 28 m2 bílskúr við Langholtsveg í Reykjavík. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, þrjú svefnherbergi, geymslu innan íbúðar, baðherbergi, eldhús og stofu. Bílskúrinn er 28 m2 með rafmagni, hita og hurðaopnara.
V. 26,9 m. 5236

Hlíðarhjalli - 200 Kópavogur

Falleg 93,3 m2, 3ja herbergja íbúð á efstu hæð í 3. hæða fjölbýlishúsi við Hlíðarhjalla 74 í Kópavogi. Íbúðinni fylgir 24,7 m2 bílskúr. Glæsilegt útsýni. Íbúðin skiptist í forstofu, eldhús, sér þvottahús, tvö svefnherbergi, baðherbergi og opið rými sem skiptist í stofu/borðstofu og sjónvarpstofu. Stutt er í leikskóla, skóla og aðra þjónustu. **V. 24,5 m.** 5215

Bjargartangi - 270 Mosfellsbær
204,5 m2 einbýlishús á einni hæð með rúmgóðum bílskúr og sólskála við Bjargartanga 15 í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í forstofu, stofu, borstofu, stórt eldhús, tvö baðherbergi, 4 svefnh. i, stóran sólskála, sér þvottahús og rúmgóðan bílskúr. Húsið stendur innarlega í litlum botnlanga á góðum stað í Mosfellsbæ. **V. 42,9 m.** 5220

Akurholt - 270 Mosfellsbær
Flott 211,7 m2 einbýlishús með rúmgóðum bílskúr og gróðurhúsi á sérlega fallegri lóð við Akurholt 7 í Mosfellsbæ. 3 svefnherbergi, baðherbergi m/baðkari, sturtu og sauna, gestasalerni, stofa, borðstofa, eldhús m/borðkrók, hol og sólskáli. Stór bakgarður í suður með miklum gróðri.
V. 45,5 m. 5238

Jörfagrund - 116 Kjalanes
Fallegt 175,8 m2 endaraðhús með innbyggðum bílskúr við Jörfagrund á Kjalarnesi. Mjög fallegt útsýni er frá húsinu. Eignin skiptist í forstofu, hol, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, vinnuherbergi, eldhús, stofu og borðstofu. Bílskúrinn er 30,9 m2 og er búið að innrétta inn af honum þvottahús og svefnherbergi. Mjög rúmgóð svefnherbergi og fallegar innréttingar eru í húsinu. Stór timburverönd með heitum potti. Bílastæði er hellulagt með snjóbræðslu. **V. 38,0 m.** 5181

Hringbraut - 107 Reykjavík
187,8 m2 parhús á þremur hæðum við Hringbraut í Reykjavík. Eignin skiptist í kjallara, hæð og ris auk bílskúrs. Húsið hefur verið talsvert endurnýjað m.a. eldhús, baðherbergi og fl. Eignin er laus til afhendingar strax! **V. 29,9 m. 5233**

Naustabryggja 2 - 110 Reykjavík
Mjög falleg 139,6 m2 4ra herbergja íbúð á tveimur hæðum ásamt bílastæði í bílakjallara við Naustabryggju 2 í Reykjavík. Tvennar svalir. Neðri hæð: Forstofa, eldhús, borðstofa/sjónvarpsstofa, baðherbergi með baðkari, svefnherbergi, þvottahús. Efri hæð: Stofa, baðherbergi með sturtu, svefnherbergi og hjónaherbergi með fataherbergi. Íbúðinni fylgir bílastæði í bílakjallara ásamt 7,1 m2 sérgeymslu. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 29,9 m. 5183**

Lækjasmári - 201 Kópavogur
Glæsileg og björt 262,3 fm efri sérhæð með risi ásamt stæði í bílageymsluhúsi. Eignin er staðsett innst í lokaðri húsagötu í barnavænu umhverfi. Vestanvert við húsið er útivistar- og íþróttasvæði Breiðabliks í Kópavogsdal. Fallegar innréttingar og gólfefni. Stór og glæsileg eign. **Eignin er laus til afhendingar strax V. 49,9 m.** 5190v

Kringlan - 103 Reykjavík
Góð 277,9 m2 skrifstofuhæð á 5 hæð í stóra turni Kringlunnar. Hæðin er vel innréttuð og björt. Lofthæð góð og útsýni er fallegt. **Eignin er laus til afhendingar strax V. 49,9 m.** 5228

Hátún 6 -105 Reykjavík

Vorum að fá í sölu sex ca. 53 m2, íbúðir á 6. hæð í lyftuhúsi við Hátún 6 í Reykjavík. Falleg útsýni. Íbúðirnar skiptast í forstofu með miklu skápaplássi, flísalagt baðherbergi með sturtu, herbergi, eldhús með borðkrók og stofu. Svalir með fallegu útsýni. Íbúðirnar seljast eingöngu í einu lagi! **V. 71,5 m.**

Höfum kaupanda að góðu einbýlis- eða raðhúsi í Ártúnsholtinu. Amk. 4 svefnherbergi. Ekki makaskipti

VALHÖLL
FASTEIGNASALA

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

Opið virka daga frá kl. 9-17

Ingólfur Gissurarson s: 896-5222 Lögg.fast.Sali.

Bárður Tryggvason s: 896-5221 sölustjóri

Heiðar Friðjónsson s: 693-3356 Lögg.fast.Sali.

Ellert Róbertsson s: 893-4477 sölumaður

Erlendur Davíðsson Löggiltur fasteignasali.

Sigþór Bragason s: 899-9787 Lögg.fast.Sali.

Jón Rafn Valdimarsson s: 695-5520 Lögg.fast.Sali.

Margrét Sigurgeirsdóttir s: 866-1515 skrifstofustjóri.

Pétur Jóhannsson Sölum. Snæfellsbæ/nes Sími:893-4718

Þórarinn Friðriksson Sölum. Sími:844-6353

Áratuga reynsla tryggir fagleg vinnubrögð

www.Valholl.is

Ingólfur Gissurarson lögg. fasteignasali

Höfum ýmsar gerðir eigna á skrá. Leitið upplýsinga hjá sölumönnum. Sími 588-4477.

Laufbrekka - einbýli á fráb. verði

Vandað 205 fm einbýli m. 4 stórum herb, sólstofu og rúmg. stofum. Glæsil. eldhús. Parket. **Verð aðeins 40 millj. Uppl. veitir Bárður Tryggvason í 8965221.**

4ra herb. við Kristnibraut í Grafarholti

Góð 4ra herb. 115,8 fm íbúð á 2-hæð í 4ra íbúða stigagangi við Kristnibraut í Grafarholti. 3-rúmgóð svefnherbergi. Gott eldhús með borðkrók, vönduð gólfefni og baðherbergi með glugga. Tvennar svalir. Rúmgóð sérgeymsla. **Verð 25,5 milj. Uppl. Heiðar í s:693-3356**

Egilsgata 101 - Tvær íbúðir

Ágæt ca 80 fm 3ja herbergja hæð (1.hæð) ásamt 42 fm ósamþ. 2ja herb. íb. í kjallara (innangengt á milli) í góðu 3 býli í miðbænum. Báðar íbúðir eru í nokkuð upprunalegu standi að innan en velskipulagðar og nýtast vel. Sérinngangur í kj. íbúð. Góð bílastæði. Örstutt í Sundhöllina og fl. Skuldlaus. Seljast saman. **Verð 25,5 millj. Upp. Ingólfur 896-5222.**

Fýlshólar m. Aukaíbúð.

Reisulegt 328fm hús með frábæru útsýni yfir Elliðárdalinn. 46 fm tvöfaldur bílskúr. Aðalíbúð m. fjögur svefnherbergi. Stofa er mjög rúmgóð m. glæsilegu útsýni. Inngangur að aukaíbúð er að aftanverðu. Vel heppnuð íbúð með stórri stofu og eldhúsi og svefnherb, möguleiki á ágætum leigutekjum. **V. 74 millj. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520**

Furuhlíð - endahús.

Glæsilegt ca 190 fm mikið endurnýjað raðhús með innbyggðum bílskúr. Fjögur svefnherbergi, vadaðar innréttingar, parket og flísar á gólfum. Mögul. að taka minni eign upp í kaupverð. **Verð 49,5 millj, uppl. veitir Ellert í s:893-4477.**

Falleg 80 fm við Sóltún í Reykjavík

Höfum tekið í sölu fallega, 2ja herb. 79,2fm íbúð á 6-hæð með stæði í lokuðu bílahúsi, við Sóltún í Reykjavík. Allar innréttingar og gólfefni mjög vandað. Nýlegt hús í góðu ástandi.

Verð 24,9 milj. Uppl. veitir Heiðar s:693-3356.

Stærri eignir

Einbýlishús með bílskúr við Hlíðargerði
217 fm einbýlishús á frábærum stað í Gerðunum í Reykjavík. Húsið skiptist í stórar stofur og rúmgott eldhús, 3-svefnherbergi, sjónvarpsrými, sólstofu, þvottarhús og geymslur. Húsið er á þremur hæðum og er í góðu ástandi. Góður nýlega standsettur bílskúr. Stór garður með verönd og skjólgirðingum. **verð 49,8 milj. Möguleiki á skiptum á minni eign. Uppl. veitir Heiðar í s:693-3356.**

Glæsilegt einbýlishús í Garðabæ
Glæsilegt 227,8 fm vel staðsett einbýlishús við Tjarnarflöt í Garðabæ. Húsið er töluvert endurnýjað og er í góðu ástandi. Garður í suður. **Verð 69 milj. Möguleiki á skiptum á ódýrari eign. Allar frekari uppl. veitir Heiðar í s:693-3356.**

Vörðuberg - endahús.
Glæsilegt 170 fm endaraðhús á tveimur hæðum með innb. bílskúr. Vandaðar innréttingar, heitur pottur í garði. Mjög vel skipulagt hús.
V. 39,9m. Nánari uppl. Ellert 893-4477

Sigurhæð - hagstætt verð.
Í einkasölu 200 fm einbýli á einni hæð m. innb. bílskúr. 5 góð svefnherb. Upptekin loft, halogen lýsing. Skipti möguleg á 3-4ra herbergja íbúð í lyftuhúsi.
Uppl. veitir Bárður í 896-5221

Fischersund - glæsilegt einbýli
Glæsilegt 253 fm einbýli á einstökum stað í Grjótaþorpinu. Húsið er allt uppgert á glæsilegan og vandaðan hátt. Haft var í huga við endurgerð hússins að hafa það í upprunalegum stíl. Magnús Skúlason arkítekt, fyrrum formaður Húsafriðunarnefnar, hafði yfirumsjón með endurgerð hússins. **uppl. veitir Bárður Tryggvason í 896-5221**

Krókabyggð 1 Mosfellsb. Fallegt einbýli með tvöföldum bílskúr, alls 231 fm. Þrjú rúmgóð svefnherbergi, eitt þeirra er sameinað úr tveimur herbergjum. Mikið skápapláss í húsinu. Stór stofa og eldhús með fallegri innréttingu og góðum tækjum sem fylgja. Baðherbergi með gufu og útgengt á verönd með heitum potti. Fallegur og fjölskrúðugur garður, upphitað bílaplan.
V. 57 millj. Nánari uppl. Jón Rafn S: 695-5520

Digranesheiði - mikið endurnýjað.
Vorum að fá gott mikið endurnýjað 142 fm einbýli á einni hæð með innbyggðum góðum bílskúr. Mögul. að taka íbúð upp í kaupverð.
V. 35 m. Nánari uppl. Ellert 893-4477

Grenibyggð Mosfellsbær
Stórglæsilegt enda hús á jaðarlóð. Tvö góð herbergi og stórar stofur. Stórir sólpallar með frábærri útiaðstöðu. Mikið endurnýjað hús.
V.30.5 m sigþór 899 9787

Sérhæðir

Sérhæð með bílsk við Goðheima
Glæsileg 164,2 fm sérhæð við Goðheima. Þar af er 28,3 fm sérstæður bílskúr. 3- svefnherbergi, stórar stofur. Þvottarhús á hæðinni, endurnýjað eldhús. Yfirbyggðar svalir. **Verð 34,9 milj. Uppl. veitir Heiðar í s:693-3356.**

Holtagerði - nýl. glæsil. sérhæð
Nýkomin í sölu mjög glæsileg 135 fm efri sérhæð + 28 fm bílskúr í nýl. tvíbýli byggt 2004. Fallegar vandaðar ljósar innréttingar. Granít í eldhúsi. 3 góð svefnherb. Extra lofthæð. Stórar svalir. Glæsil. útsýni vestur á Jökul og á Esjuna og víðar. Parket. Allt sér. Mögul. yfirtaka á hagstæðu íbúðarláni ca. kr. 30 millj.
Verð 41 m. Uppl. veitir Bárður í 8965221

4ra - 5 herb

Fellahvarf
Til sölu 120fm 4ra herb. íbúð á efstu hæð með glæsilegu útsýni yfir Elliðarvatn, í 5 íbúða fjölbýli. 3-svefnherb. með skápum, stórar stofur og geymsla í kjallara. Vönduð gólfefni og vel með farin íbúð. **Verð 27,9 milj. Uppl. veitir Heiðar í s:693-3356**

Baugakór - 146 fm glæsilíbúð
Glæsileg 146 fm endaíbúð á 3 hæð (efstu) í nýlegu glæsilegu fjölbýli ásamt stæði í lokuðu bílskýli. Sérinng. af svölum. 3 rúmgóð svefnherb. 16 fm suðursvalir. Glæsilegar innréttingar. Eign í sérfl. Skipti mögul. á raðhúsi eða einbýli.
Uppl. veitir Bárður Tryggvason í 896-5221

4ra í Rimahverfi - skipti á sérbýli.
Vel skipulögð 118 fm íbúð á jarðhæð við Flétturima í Grafarvogi. 3-svefnherbergi, vönduð gólfefni, sér-verönd. Eigendur eru að leita að sérbýli í Grafarvogi.
V.24,9 milj, Uppl. veitir Heiðar í s: 693-3356

Holtagerði - Vesturbæ Kópav.
Góð 4ra herb. 104 fm íb. á jarðh. í þríbýli. Nýtt í dag sem leiguheimili m. 4 svefnherb. Getur auðveldlega verið 4ra herb. íb. **Verð 18,8 m. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222**

Ásendi - Sér bílastæði
Falleg 106 fm eign á 1. hæð í þríbýli, sérinngangur. Stofa m. eikarparket á gólfi útgengt á suðursvalir. Eldhús m. fallegri ljósri innréttingu. Tvö rúmgóð barnaherbergi og hjónaherbergi m. stórum innfelldum fataskápum. **V. 26,5 m. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520**

3ja herb

Starengi Falleg íbúð
Glæsileg íbúð með sér inngangi á 2.hæð. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Góð áhvílandi lán frá ílS. **Laus fljótlega.**
V. 22 m. Uppl. Sigþór s:899 9787

Sogavegur - falleg 3ja m. sérinng.
Nýkomin falleg 64 fm. íb. á jarðh, í góðu þríbýli á góðum stað. Góðar innr. nýtt plastparket á gólfum, íb. nýmáluð.
Laus strax. Verð 14,9 m. Lyklar á Valhöll. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222

Starengi - Sérinngangur
85 fm íbúð á góðum stað í Grafarvogi. Skipti á stærri eign á höfuðb. svæðinu kemur til greina. Hjónaherbergi m fataskápum og einnig barnaherbergi. SV. svalir, rúmgóð stofa of borðstofa. Eldhús með góðri innr. og tengi f. uppþvottavél. Þvottahús innan íbúðar.
V. 21,9 m. Uppl. Jón Rafn S: 695-5520

Furugrund 3ja herb. - með aukaherbergi í kj.
Vel staðsett 90 fm. íbúð á 2.hæð neðst í Fossvogsdalnum. Suður svalir.
Íbúð er laus. V. 18,8m. Nánari uppl. Ellert 893-4477

2ja herb

Ásakór - með bílskýli.
Mjög góð ca 65 fm íbúð á jarðhæð með góðri afgirtri verönd í suður. Gott stæði í lokuðu bílskýli fylgir íbúð. Parket og flísar á gólfum. **V. 18,9m. Mögul. skipti á stærri eign. Uppl. Ellert 893-4477**

Holtsgata - 70 fm - laus
Snyrtileg 70 fm mjög rúmgóð 2ja herb. íbúð á 1 hæð, suðursvalir. Parket. Rúmgóð og skemmtileg íbúð í gamla vesturbænum.
V. 17,5 m.

Víðimelur - laus strax.
Nýkomin í einkasölu góð ca 43 fm íbúð í kj. í góðu húsi vestast á Víðimel. Nýtt eldhús, plastparket. Nýmáluð. **Laus strax. Verð 10,9 millj. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222.**

Bólstaðarhlíð 44 - laus strax.
Nýkomin í einkasölu ágæt 54 fm íbúð á 1.hæð. Baðherbergi m. glugga, dúkur á gólfum, upprunalegar innréttingar.
Laus strax. Verð 13,5 m.
Uppl. veitir Ingólfur 896-5222.

Sumarhús

Sumarhús - Með húsgögnum.
Afar vandað 81 fm sumarhús á steyptri plötu á birki vaxinni lóð í eldri hluta Húsafellsskógar. Innbú fylgir með í kaupum. Þrjú óvenju stór svefnherbergi og eru tvö með tvíbreiðum rúmum og það þriðja með kojum. Útgengt er á pall frá stofu sem er m. heitum potti
V. 26 millj. Uppl. Sigþór S: 899-9787

Eyrarskógur eignarlóð
Nýlegt sumarhús á eignarlóð í kjarrivöxnu landi. Tvö svefnherbergi og tvö svefnloft. Heitur pottur Húsið er vandað og allur frágangur góður. Staðsetning er mjög góð í náttúrulegu birkikjarri og mikið útsýni Einungis er um 40mín akstur frá Reykjavík stutt í sundlaug og veitingastaði / verslun. Fallegar gönguleiðir og stutt í veiði. **V 15,9m Sigþór S: 899 9787**

Sumarhús - Í grennd v. Langá
Vandað 60 fm sumarhús á eignarlóð með steyptum grunni og einstöku útsýni. Engu hefur verið til sparað við byggingu hússins. Þrjú góð svefnherbergi eru í bústaðnum ásamt svefnlofti. Stofa og eldhús eru í opnu rými með mikilli lofthæð, þar er parket á gólfi , viðarinnréttíng er í eldhúsi. Frá stofu er útgengt á stóran pall.
V. 19,5 millj.Uppl. Sigþór S: 899-9787

Húsafell - vandað heilsárshús á góðu verði.
Nýkomin í einkasölu ca 60 fm uppgerður sumarbúst. m. hitaveitu, rafm og vatni á einstakl. gróðursælum stað í Húsafelli. Heitur pottur, stór verönd, mikill trjágróður, kamína í stofu og fl. **Gott verð 12,9 m. Uppl. veitir Ingólfur 896-5222.**

Vantar-Vantar-Vantar

Höfum kaupanda af íbúð með 4- svefherbergjum í Kópavogi fyrir allt að 32 milj.
Uppl. veitir Ellert í s:893-4477

FASTEIGNA-MARKAÐURINN

ÓÐINSGÖTU 4

SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

360 FM EINBÝLISHÚS VIÐ ELLIÐAVATN MEÐ GLÆSILEGU ÚTSÝNI. NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR GUÐMUNDUR TH. JÓNSSON

FLATIR – GARÐABÆ
REIÐHJÓL FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA Í BYKO - REIÐHJÓL FYRIR ALLA F

Vnr. 49620200

Götuhjól 29.990

28" götureiðhjól fyrir karla, 6 gíra með brettum og bögglabera.

28"

RALEIGH

Vnr. 49620039

Reiðhjól 69.900

FREERIDE kvenreiðhjól, AT20.

26"

BYKO



ÖFLUGUR HÁTÍÐARNÝLIÐI

Tónlistarhátíðin Reykjavík Music Mess fór fram í fyrsta skipti um helgina. Fréttablaðið flakkaði um.

EFNILEG Sigursveit Músíktilrauna í ár, Samaris, steig á stokk á Reykjavík Music Mess og stóð sig með prýði. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sin Fang ★★★★
Nasa

Flott krúttlegheit

Hljómsveitin Sin Fang var frábær og tók nokkur eldri og þekktari lög í bland við annað glænýrra efni, sem lofaði góðu um framhald sveitarinnar. Því miður skyggði þyskur vinahópur sem söng og öskraði í gegnum alla tónleikana á annars góða framkomu. Þjóðverjunum var þó sem betur fer vísað frá í lokinn. Sindri er efnilegur söngvari með skemmtilega öðruvísi rödd. Góðir tónleikar ef fyrrnefndir gestir eru frátaldir. - sm

Kimono ★★★
Nasa

Þétt rokk

Kimono steig á svið á eftir Lower Dens. Hljómsveitin hefur verið lengi saman og það má glögglega greina í tónlistinni, hún var þétt og örugg á sviðinu. Hraðinn og hrá tónlistinn trekkti að og fólk hlýddi áhugasamt á. Flott sveit og flott rokk. - sm

Nive Nielsen ★★★★
Norræna húsið

Fín söngkona og lagasmiður

Nive Nielsen er grænlensk söngkona, frá Nuuk, en hljómsveitin hennar The Deer Children er fjölþjóðleg, meðal annars skipuð kærastanum hennar Jan De Vroede frá Belgíu og hinni kanadísku Lisu Gamble. Tónlistin er kántrískotið þjóðlagapopp. Eins og heyrðist vel á tónleikunum í Norræna húsinu er Nive fín söngkona og lagasmiður, en óvenjuleg hljóðfæraskipan setti mikinn svip á útkomuna, meðal annars ukulele, banjó, kazoo, sérstakur kassagítar og sög, sem Lisa spilaði á af stakri snilld. - tj

Lower Dens ★★★★
Nasa

Efnilegir Kanar

Þessi hljómsveit frá Baltimore á án efa framtíðina fyrir sér innan bransans. Hljómsveitarmeðlimir voru hver öðrum ólíkari en það var skemmtilegt að fylgjast með þessum ólíku einstaklingum á sviðinu. Sveitin spilar einskonar nýaldarpopp og fer hin frábæra söngkona Jana Hunter fyrir henni. Hljóðið var ekki til að hrópa húrra fyrir í upphafi en hljóðmaður náði þó að laga það alveg undir blálokin. Í heildina litið voru þetta vel heppnaðir tónleikar hjá Lower Dens þó að stemningin hafi verið svolítið róleg á köflum. - sm

Samaris ★★★
Norræna húsið

Ómótuð en efnileg

Músiktilraunir eru mikilvægur hvati í íslensku tónlistarlífi. Sigursveitin í ár var stofnuð nokkrum vikum fyrir tilraunirnar og var því er ekki nema þriggja mánaða gömul þegar hún steig á svið í Norræna húsinu á föstudagskvöldið til að fylgja eftir frábæru opnunarsetti Prins Póló. Tónlist Samaris er stemningsfull og hæggeng raftónlist með hvísllegum söng og klarinettuleik, svolítið í anda Portishead eða Massive Attack. Það heyrðist á dagskránni að hljómsveitin er í mótun og það þarf að sníða af henni vankanta, en þau eru efnileg og fengu fínar móttökur. - tj

Tomutonttu ★★★★
Norræna húsið

Raftónlistargaldur

Það er ótrúlegt hvað það er hægt að ná fram miklum hávaða og krafti með trommusetti og bassa einum saman. Danska dúóið FOSSILS er skipað kraftmiklu ryþmapari og þarf ekkert annað. Engan söng og ekkert fiff. Trommarinn var auðvitað drulluþéttur og bassaleikarinn beitti hljóðfærinu á nýstárlegan hátt, tók riff og þvergrip og sýndi alls konar tilþrif. Útkoman var mögnuð en samt læðist að manni sá grunur að þeir geti kannski ekki búið til margar plötur með þessari hljóðfæraskipan. - tj

Til hamingju Vesturport

með Evrópuverðlaunin í leiklist

Í gær tók Vesturport á móti einum virtustu leiklistarverðlaunum í Evrópu við hátíðlega athöfn í St. Pétursborg í Rússlandi. Verðlaunin eru veitt fyrir heildarverk leikhópsins, einstaka hugmyndaauðgi og frumleika.

Þessi kröftugi leikhópur hefur á 10 ára ferli sínum stigið á fjalir fjölda þekktra leikhúsa um allan heim, allt frá New York til Hong Kong. Eimskipafélag Íslands er stoltur stuðningsaðili leikhópsins og óskar þeim innilega til hamingju með Evrópuverðlaunin.

Vesturport sýnir nú Faust á Stóra sviði Borgarleikhússins. Þessi uppfærsla hefur hvarvetna fengið feiknagóða dóma enda er þetta sýning sem enginn ætti að láta fram hjá sér fara. Næstu sýningar eru: 12., 21. og 27. maí.

PREMIO EUROPA PER IL TEATRO
Prix Europe pour le Théâtre
Europe Theatre Prize
Europa-Preis für das Theater

Fíton / SÍA

Eimskip | Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.eimskip.is

EIMSKIP
Yfir hafið og heim

HILDUR SIGURÐARDÓTTIR skrifaði í gær undir samning við Snæfell og mun hún leika með liðinu í úrvalsdeild kvenna í körfuknattleik næstu tvö árin. Hildur hefur verið lykilmaður í KR-liðinu undanfarin ár en hún er fædd og uppalinn í Stykkishólmi og mun hún styrkja hið unga lið Snæfells gríðarlega.

SJÖ MÖRK Ólafur Bjarki Ragnarsson var öflugur í liði HK. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HK og Fram tryggðu oddaleik:

Háspenna í N1-deild karla

HANDBOLTI „Þetta er versti leikur liðsins undir minni stjórn," sagði Atli Hilmarsson, þjálfari deildarmeistaraliðs Akureyrar, eftir 31-23 tap liðsins gegn HK í undanúrslitum N1-deildar karla á laugardaginn. HK hafði mikla yfirburði í leiknum, jafnaði metin í einvíginu í 1-1 og úrslitin ráðast því í oddaleik sem fram fer í kvöld. Ólafur Bjarki Ragnarsson átti góðan leik í liði HK og skoraði alls 7 mörk.

Fram náði einnig að knýja fram oddaleik með því að leggja FH naumlega 27-26 í Safamýrinni á laugardag. FH-ingar voru með yfirhöndina í fyrri hálfleik en með góðum leikkafla náðu heimamenn að minnka muninn í tvö mörk fyrir hálfleik og lokakafli leiksins var spennandi. Andri Berg Haraldsson skoraði 9 mörk fyrir FH. **- seth**

HINGAÐ OG EKKI LENGRA Marcus Walker tók Justin Shouse úr sambandi í seinni hálfleik viðureignar KR og Stjörnunnar í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Walker ræður ferðinni

KR-ingar eru einu skrefi frá því að landa Íslandsmeistaratitlinum í Iceland Express deild karla eftir 101-81 sigur gegn Stjörnunni. Magnaður varnarleikur hjá KR-ingnum Marcus Walker. KR fékk aðeins 27 stig á sig í síðari hálfleik.

KÖRFUBOLTI Bikarmeistaralið KR er einu skrefi frá því að landa Íslandsmeistaratitlinum í Iceland Express deild karla eftir 101-81 sigur liðsins gegn Stjörnunni í þriðju viðureign þeirra í úrslitum. Staðan er 2-1 fyrir KR og næsti leikur fer fram á morgun, þriðjudag, á heimavelli Stjörnunnar í Ásgarði. Jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik en sjálfstraust leikmanna Stjörnunnar var ekki til staðar í síðari hálfleik þar sem liðið skoraði aðeins 27 stig gegn 45 stigum KR-inga.

Marcus Walker er ekki stærsti körfuboltamaður í heimi og það að vera stór er víst það eina sem ekki er hægt að kenna í þessari ágætu íþrótt. Walker er hins vegar með stórt hjarta og hraða sem fáir geta státað af og í gær var þessi magnaði bandarískí bakvörður sá leikmaður sem Stjörnuliðið náði ekki að höndla.

Sveiflurnar í leiknum í gær voru eins og íslenska veðrið. Stjarnan náði mest 14 stiga forskoti í fyrsta leikhluta. Aðeins tvö stig skildu liðin að í hálfleik, 56-54, en í þriðja leikhluta tók Walker til sinna ráða og lék varnarleik sem fáir geta leikið eftir – og bakverðir Stjörnunnar litu alls ekki vel út gegn Walker. Þeir voru einfaldlega orðnir hræddir við hinn ofurhraða Walker og hann efldist bara þegar hann sá óttann í augum Stjörnumanna.

Það var allt annar bragur á liði Stjörnunnar í fyrri hálfleik gær – sjálfstraustið til staðar, og menn með bros á vör í leikmannakynningunni. Engin pressa og Teitur Örlygsson hefur eflaust lagt áherslu á að leikmenn gæfu sér tíma til þess að soga í sig stemninguna, njóta augnabliksins og framkvæma í stað þess að hugsa. Það gerðu þeir í fyrri hálfleik en síðan ekki söguna meir.

„Við hrukkum heldur betur í gírinn í þriðja leikhlutanum," sagði Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR. „Við fórum að spila þann varnarleik sem við viljum sýna og þeir áttu fá svör. Í þriðja leikhluta small allt saman. Okkur leið nákvæmlega svona eftir fyrsta leikinn en þá fórum við í Ásgarðinn og töpuðum. Menn verða að vera einbeittir og mæta rétt innstilltir í næsta leik, okkur langar meira í þennan titil," sagði Hrafn.

DHL-höll KR-inga virðist vera ókleifur múr fyrir Stjörnuna og þann vegg þarf liðið að klífa ef það ætlar sér að verða Íslandsmeistari – svo einfalt er það. Lykilmaður á borð við Justin Shouse getur ekki leyft sér að skora 12 stig í slíkum leikjum en hann var ólíkur sjálfum sér í gær. „Við spiluðum vel í fyrri hálfleik, en áttum aldrei séns í þeim síðari," sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar. „Það er erfitt að verjast KR í þessum ham þegar nánast allt liðið er í villuvandræðum. Við fáum ekkert annan séns, við verðum að vinna næsta leik." **- seth, sáp**

ÚRSLIT

Iceland Express deild karla

LOKAÚRSLIT

KR - Stjarnan 101-81 (56-54)
Stig KR: Marcus Walker 33, Brynjar Þór Björnsson 18, Pavel Ermolinskij 16 (13 frák.), Hreggviður Magnússon 13, Finnur Atli Magnússon 8 (8 frák.), Ágúst Angantýsson 4, Ólafur Már Ægisson 4, Fannar Ólafsson 4, Jón Orri Kristjánsson 1.
Stig Stjörnunnar: Marvin Valdimarsson 15 (8 frák.), Renato Lindmets 14 (7 frák.), Jovan Zdravevski 13, Justin Shouse 12, Fannar Freyr Helgason 12, Guðjón Lárusson 9, Daníel G. Guðmundsson 6.
KR leiðir einvígið, 2-1. Næsti leikur liðanna verður í Ásgarði annað kvöld kl. 19.15.

Enska úrvalsdeildin

Birmingham - Sunderland 2-0
1-0 Sebastian Larsson (41.), 2-0 C. Gardner (66.)
Blackpool - Wigan 1-3
0-1 Hugo Rodallega (3.), 0-2 Charles N'Zogbia (45.), 0-3 Neil Eardley, sjálfsm. (66.), 1-3 DJ Campbell (83.)
Everton - Blackburn 2-0
1-0 Leon Osman (54.), 2-0 L. Baines, víti (75.).
West Brom - Chelsea 1-3
1-0 Peter Odemwingie (17.), 1-1 Didier Drogba (22.), 1-2 Salomon Kalou (26.), 1-3 Frank Lampard (45.).
West Ham - Aston Villa 1-2
1-0 Robbie Keane (2.), 1-1 Darren Bent (36.), 1-2 Gabriel Agbonlahor (90.)
Arsenal - Liverpool 1-1
1-0 R. Van Persie, víti (90.), 1-1 D. Kuyt, víti (90.)

STAÐAN

Man. United	**32**	**20**	**9**	**3**	**70-32**	**69**
Arsenal	32	18	9	5	63-31	63
Chelsea	**32**	**18**	**7**	**7**	**58-26**	**61**
Man. City	32	16	8	8	50-30	56
Tottenham	**31**	**14**	**11**	**6**	**44-36**	**53**
Liverpool	33	14	7	12	46-39	49
Everton	**33**	**11**	**14**	**8**	**47-41**	**47**
Bolton	32	11	10	11	46-43	43
Aston Villa	**33**	**10**	**10**	**13**	**42-54**	**40**
Newcastle	32	10	9	13	48-47	39
West Brom	**33**	**10**	**9**	**14**	**47-62**	**39**
Fulham	32	8	14	10	36-35	38
Stoke City	**32**	**11**	**5**	**16**	**39-42**	**38**
Birmingham	32	8	14	10	33-43	38
Sunderland	**33**	**9**	**11**	**13**	**35-47**	**38**
Blackburn	33	9	8	16	40-54	35
Wigan	**33**	**7**	**13**	**13**	**32-53**	**34**
Blackpool	33	9	6	18	47-69	33
West Ham	**33**	**7**	**11**	**15**	**39-58**	**32**
Wolves	32	9	5	18	36-56	32

Enska bikarkeppnin

UNDANÚRSLIT

Manchester City - Manchester United 1-0
1-0 Yaya Touré 65.
Bolton - Stoke 0-5
0-1 Matthew Etherington 10., 0-2 Robert Huth 16., 0-3 Kenwyne Jones 29., 0-4 Jonathan Walters 68., 0-5 Jonathan Walters 80.

Spænska úrvalsdeildin

Real Madrid - Barcelona 1-1
0-1 L. Messi, víti (52.) 1-1 C. Ronaldo, víti (82.)

Þýska úrvalsdeildin

Hoffenheim - Frankfurt 1-0
Gylfi Þór Sigurðsson kom inn á í upphafi síðari hálfleiks í liði Hoffenheim og lék í 45 mínútur.

BURSTAR í vélsópa á lager
- flestar stærðir
AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3 · 210 Garðabæ.
Sími 480-0000 · www.aflvelar.is

© 2011 adidas AG. adidas and the 3-Stripes mark are registered trademarks of the adidas Group.

JAFNAÐI Á 101. MÍNÚTU Dirk Kuyt, til vinstri, fagnar jöfnunarmarki sínu fyrir Liverpool ásamt Luis Suarez. NORDICPHOTOS/GETTY

Arsenal og Liverpool skildu jöfn í dramatískum leik:

Ótrúlegur lokakafli

FÓTBOLTI Lokamínúturnar í leik Arsenal og Liverpool í ensku úrvalsdeildinin í gær voru ótrúlegar en úrslit leiksins réðust með tveimur vítaspyrnum sem dæmdar voru í uppbótartíma. Leikurinn endaði með jafntefli, 1-1, og vonir Arsenal um að blanda sér í baráttuna um meistaratitilinn virðast úr sögunni. Liðið er nú sex stigum á eftir Manchester United sem er efst með 69 stig en Arsenal er með 63 stig.

Arsene Wenger, knattspyrnustjóri Arsenal, og Kenny Dalglish, knattspyrnustjóri Liverpool, skiptust á einhverjum vel völdum orðum í leikslok og þeir tókust ekki í hendur í leikslok, enda var heitt í kolunum.

Alls var átta mínútum bætt við venjulegan leiktíma vegna meiðsla Jamie Carragher, leikmanns Liverpool, sem fékk högg á höfuðið og var borinn af velli með kraga um hálsinn. Enski landsliðsframherjinn Andy Carroll meiddist síðan á hné en óvíst er hvort meiðslin eru alvarleg.

Robin van Persie kom Arsenal yfir úr vítaspyrnu sem dæmd var á Jay Spearing þegar aðeins örfáar sekúndur voru eftir af leiknum. Liverpool náði að komast í sókn og dæmd var vítaspyrna á Eboue, sem braut afar klaufalega á Lucas. Dirk Kuyt tók vítið og skoraði örugglega á 101. mínútu og var Wenger ósáttur við að dómarinn hefði ekki verið búinn að flauta leikinn af. „Mér fannst ekki rétt að bæta við þremur mínútum eftir að uppbótartíminn var liðinn," sagði Wenger í leikslok. - seth

Man City mætir Stoke:

Grétar Rafn og félagar úr leik

FÓTBOLTI Grétar Rafn Steinsson og félagar hans í Bolton áttu aldrei möguleika gegn Stoke í undanúrslitum ensku bikarkeppninnar á Wembley í gær. Stoke skoraði 3 mörk í fyrri hálfleik og bætti við 2 mörkum í þeim síðari. Lokatölurnar voru 5-0 og er þetta í fyrsta sinn sem Stoke leikur til úrslita.

Manchester City verður mótherji Stoke en City sigraði Manchester United á laugardaginn, 1-0. Yaya Toure skoraði eina mark leiksins á 52. mínútu, en Paul Scholes fékk rautt spjald í liði Manchester United á 72. mínútu. Stoke hefur aldrei sigrað í ensku bikarkeppninni en Manchester City hefur fjórum sinnum sigrað, síðast árið 1969. - seth

Messi og Ronaldo skoruðu:

Tvö víti og eitt rautt í Madrid

FÓTBOLTI Real Madrid sýndi mikinn styrk þegar liðið náði að jafna metin einum leikmanni færra gegn Barcelona í El Clasíco leiknum á laugardagskvöld. Fyrri leikur þessara liða endaði 5-0 í Barcelona. Lionel Messi kom Barcelona yfir á 53. mínútu með marki úr vítaspyrnu. Raúl Albiol hjá Real Madrid fékk rautt spjald en Cristiano Ronaldo jafnaði úr víti fyrir heimamenn á 82. mínútu. Barcelona er enn efst og með átta stiga forskot á Real Madrid en liðin mætast þrívegis á næstu sautján dögum.

- seth

PÁSKA TILBOÐ

STÚTFULLAR VERSLANIR AF SJÓÐHEITUM PÁSKATILBOÐUM

acer ASUS hp lenovo packard bell SONY TOSHIBA

OPNUNARTÍMAR

Mán, þrið, miðvikudag
10:00 - 18:30
Fim, föstudag
LOKAÐ
Laugardag
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

> **Kate Winslet**

„Ég myndi frekar sýna í leikhúsunum og leika í breskum kvikmyndum en að flytja til Los Angeles í von um að fá lítil hlutverk í bandarískum myndum."

Kate Winslet leikur í kvikmyndinni Little Children, sem er áhrifarík verðlaunamynd um líf og raunir nokkurra einstaklinga í úthverfi einu í Bandaríkjunum. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíó kl. 20 í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ SUNNA VALGERÐARDÓTTIR FÓR Á FLUG MEÐ ÍSLENSKU SJÓNVARPI

Skemmtilega óvæntur partur af prúgrammet

Ég flaug um daginn. Í flugvélum Icelandair eru sko stafræn sjónvörp fyrir framan hvert sæti og „geta farþegar valið úr meira en 150 klukkustundum af skemmtiefni á meðan á flugferð stendur," eins og segir í hinum ómissandi bæklingi sem er geymdur í sætisvasanum fyrir framan ykkur. Ég notfærði mér að sjálfsögðu þessa þjónustu.

Ferðin byrjaði með Stellu í orlofi. Mikil lífandis ósköp er það fyndin mynd. Það eru sennilega um fimmtán ár síðan ég sá Stellu og fannst það því tilvalið að rifja upp hvað „Ibsen hefur verið gott skáld".

Stelpan sem sat við hliðina á mér í vélinni átti það til að líta yfir á skjáinn og halla undir flatt þegar ég frussaði rándýru Pepsíi vegna hláturs, með heyrnartól og ein í heiminum. Stelpan var dönsk og skildi því sennilega ekki hvað var fyndið við Eggert Þorleifsson í vöðlum og Gísla Rúnar í flugmannabúningi frá 1986. Svo fannst henni undirrituð hugsanlega óviðeigandi sessunautur yfir það heila. Ég lét mér þó fátt um finnast og skellti Næturvaktinni á þegar Stella var ekki lengur partur af prúgrammet. Frussið minnkaði ekki við það, dönsku snótinni sennilega til mikillar gleði.

Kreppan hefur breytt miklu er varðar flugferðir okkar Íslendinga. Í fyrsta lagi eru þær mun færri en áður. Svo er hinn sívinsæli flugvélamatur ekki lengur í boði, drykki og annað tilheyrandi þurfa farþegar að borga fyrir og Saga Boutique er orðin svo dýr að það er ekki fyrir nokkra venjulega manneskju að versla þar. Sem ég gerði þó nokkuð af áður, ótrúlegt en satt. Þannig að þegar við þó skellum okkur í flug á milli landa ætti sú ferð að vera eins góð og mögulegt er.

Ég fagna þessum sjónvarpstækjum hjá Icelandair. Og einnig fagna ég vali flugfélagsins á efni. Ég hefði sennilega annars aldrei tekið mig til og horft á Stellu í orlofi. Næst skelli ég mér á Mávahlátur og Heim. Sem ég myndi annars sennilega ekki gera.

SJÓNVARPIÐ

12.00 Rokk í sumarbúðum 2 (e)
13.35 Martin læknir (1:8) (e)
14.20 Á meðan ég man (1:8) (e)
14.50 Stephen Fry í Ameríku – Nýr heimur (1:6) (e)
15.50 Ljósmæðurnar (2:8) (e)
16.20 Lífið – Spendýr (3:10) (e)
17.10 Lífið á tökustað (3:10)
17.20 Landinn (e)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Mærin Mæja (11:52)
18.08 Franklín (60:65)
18.30 Sagan af Enyó (16:26)
19.00 Fréttir
19.25 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.00 Monica og David Bandarísk heimildarmynd um ung hjón með Downs-heilkenni og foreldra þeirra sem reyna að styðja þau eftir mætti.
20.55 Nýsköpun - Íslensk vísindi (11:12) Íslenskur hugvitsmaður útskýrir byltingarkennda nýjung í snjóflóðavörnum.
21.25 Listakonur með ljósmyndavél – Sophie Calle (Kobra sommar)
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Íslenski boltinn
23.00 Meistaradeild í hestaíþróttum
23.20 Þýski boltinn
00.20 Kastljós (e)
00.40 Fréttir (e)
00.50 Dagskrárlok

BÍÓ

08.15 The Big Bounce
10.00 Uptown Girl
12.00 Son of Rambow
14.00 The Big Bounce
16.00 Uptown Girl
18.00 Son of Rambow
20.00 Little Children
22.15 45
00.00 Shoot 'Em Up
02.00 Street Kings
04.00 45
06.00 The Things About My Folks

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Lie to Me (6:13)
11.00 Masterchef (10:13)
11.45 Falcon Crest (24:28)
12.35 Nágrannar
13.00 Frasier (10:24)
13.30 So You Think You Can Dance
15.10 ET Weekend
15.55 Barnatími Stöðvar 2
17.05 Bold and the Beautiful
17.30 Nágrannar
17.55 The Simpsons (3:22)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður
19.20 Two and a Half Men (16:19)
19.45 The Big Bang Theory (9:17) Leonard og Sheldon eru eldklárir eðlisfræðingar og hreinræktaðir nördar sem þekkja eðli alheimsins mun betur en eðli mannsins.
20.10 Jamie Oliver's Food Revolution (4:6) Í þessari Emmy-verðlaunaþáttaröð ferðast sjónvarpskokkurinn geðþekki til Bandaríkjanna í þeim ásetningi að berjast gegn offitu, hjartasjúkdómum og sykursýki.
21.00 The Event (16:23) Hörkuspennandi þættir um mann sem lendir á flótta ásamt kærustu sinni og flækjast þau í samsæri gegn Bandaríkjaforseta.
21.45 Nikita (7:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða ævi.
22.30 Saving Grace (6:14)
23.15 How I Met Your Mother (3:24)
23.40 Bones (3:23)
00.25 Hung (1:10)
00.55 Eastbound and Down (1:6)
01.25 Strip Search
02.50 Reality Bites
04.25 Afterworld
04.50 The Event (16:23)
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 KR - Stjarnan
17.25 Evrópudeildarmörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Evrópudeildinni í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
18.15 KR - Stjarnan Útsending frá leik KR og Stjörnunnar í úrslitarimmu Iceland Express deildarinnar í körfuknattleik karla.
20.00 Ensku bikarmörkin Sýndar svipmyndir og öll mörkin úr leikjum helgarinnar í ensku bikarkeppninni (FA Cup).
20.30 Golfskóli Birgis Leifs (4:12) Golfþáttur þar sem besti kylfingur Íslands, Birgir Leifur Hafþórsson, tekur fyrir allt sem tengist golfi og nýtist kylfingum á öllum stigum leiksins.
21.00 Spænsku mörkin Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar.
21.50 Bolton - Stoke Útsending frá leik Bolton og Stoke í undanúrslitum FA bikarkeppninnar.
23.35 F1: Við endamarkið Keppni helgarinnar í Formúlu 1 kappakstrinum krufin til mergjar.

SPORT 2 *enski boltinn*

07.00 Arsenal - Liverpool Útsending frá leik Arsenal og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
16.30 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
17.45 Premier League Review
18.40 QPR - Derby Útsending frá leik Queens Park Rangers og Derby County í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 Premier League Review Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
22.00 Ensku mörkin Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
22.30 QPR - Derby
00.15 West Ham - Aston Villa Útsending frá leik West Ham og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
16.40 Game Tíví (12:14) (e)
17.10 Dr. Phil
17.55 Matarklúbburinn (3:7) (e)
18.20 Spjallið með Sölva (9:16) (e)
19.00 Kitchen Nightmares (3:13) (e)
19.45 Will & Grace (21:24) Endursýningar frá upphafi á hinum frábæru gamanþáttum.
20.10 One Tree Hill (4:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt.
20.55 Hawaii Five-O (7:24) Ný þáttaröð sem byggist á samnefndum spennuþáttum sem nutu mikilla vinsælda á sjöunda og áttunda áratugnum. Bakgrunnur McGarretts í sérsveitum hersins nýtist vel við lausn þessa máls þar sem fyrrum sérsveitarmaður heldur ferðamönnum í gíslingu á herskipi úr síðari heimsstyrjöld. McGarret kemst um borð í skipið og reynir að bjarga deginum.
21.45 CSI (14:22) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
22.35 Jay Leno
23.20 Californication (4:12) (e) Bandarísk þáttaröð með David Duchovny í hlutverki syndaselsins og rithöfundarins Hank Moody. Hank stingur niður penna á ný og byrjar að skrifa á meðan Charlie bókar fund með sérkennilegum kvikmyndaframleiðanda.
23.50 Rabbit Fall (3:8) (e)
00.20 Heroes (6:19) (e)
01.00 Will & Grace (21:24) (e)
01.20 Hawaii Five-O (7:24) (e)
02.05 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America
07.30 Valero Texas Open (4:4)
12.00 Golfing World
12.50 Valero Texas Open (4:4)
17.10 PGA Tour - Highlights (13:45)
18.00 Golfing World
18.50 Valero Texas Open (4:4)
22.00 Golfing World
22.50 Champions Tour - Highlights
23.45 ESPN America

EXTRA

19.30 The Doctors
20.15 Ally McBeal (1:22) Sígildir gamanþættir um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.55 Pressa (5:6) Magnaður íslenskur spennuþáttur. Hrafn Jósepsson á sér marga óvini og þá er gott að hafa Láru sér við hlið. Nýtt dagblað hefur litið dagsins ljós sem veitir Póstinum harða samkeppni og dauði Andreu ætlar að draga dilk á eftir sér.
22.45 Chase (16:18) Hörkuspennandi þáttaröð frá Jerry Bruckheimer um lögreglukonuna Annie Frost sem leggur sig alla fram við að vera skrefinu á undan glæpamönnunum. Þeir geta hlaupið en þeir geta ekki falið sig.
23.30 Boardwalk Empire (9:12) Þættirnir gerast í Atlantic City í kringum 1920 við upphaf bannáranna í Bandaríkjunum. Wall Street var á mikilli uppleið en mörg glæpagengi spruttu fram og græðgin og hömluleysið var allsráðandi.
00.25 Ally McBeal (1:22)
01.10 The Doctors
01.50 Sjáðu
02.15 Fréttir Stöðvar 2
03.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Tveir gestir
18.45 Að norðan Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um mannlífið.
19.00 Fróðleiksmolinn

ÍNN

20.00 Heilsuþáttur Jóhönnu
20.30 Golf fyrir alla Það er ekki seinna vænna en að rifja upp grunnatriðin.
21.00 Frumkvöðlar Elínóra Inga sífellt á frumkvöðlavaktinni.
21.30 Eldhús meistarana Magnús Ingi og Viðar Freyr skoða páskarétti.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar Þýskalandi í 108 ár.
Miele þvottavélar og þurrkarar eru framleidd til að endast.

- Íslenskt stjórnborð
- Stórt hurðarop
- Íslenskar leiðbeiningar
- 20 ára ending
- Þvottavél verð frá kr. 177.950
- Þurrkari verð frá kr. 151.450

Care Collection þvottaefni, sérstaklega framleitt fyrir Miele þvottavélar

Farðu alla leið með Miele

Miele

EIRVÍK *-hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | **www.eirvik.is**

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 21.00
The Event
Mögnuð þáttaröð þar sem framtíð mannkynsins er í hættu. Forseti Bandaríkjanna freistar þess að uppræta ómennska svikara í Hvíta húsinu með því að láta kanna DNA allra sem þar búa og starfa. En málið flækist þegar nákominn aðili neitar að gangast undir próf.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Stefnumót **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Hringsól **14.00** Fréttir **14.03** Bak við stjörnurnar **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Kamala, saga frá Indlandi **15.29** Fólk og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlist í dymbilviku eftir Hafliða Hallgrímsson **20.00** Leynifélagið **20.30** Kvika **21.10** Ópus **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma 22.15 Girni, grúsk og glóríur **23.05** Lostafulli listræninginn **23.45** Málstofan **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

BBC entertainment

08.55 Deal or No Deal **09.30** Deal or No Deal **10.05** EastEnders **10.35** Top Gear **11.25** Keeping Up Appearances **11.55** ‚Allo ‚Allo! **12.30** A Bit of Fry and Laurie **13.00** New Tricks **13.55** New Tricks **14.45** Deal or No Deal **15.20** Deal or No Deal **15.55** Keeping Up Appearances **16.25** ‚Allo ‚Allo! **17.00** A Bit of Fry and Laurie **17.30** Dalziel and Pascoe **18.20** Dalziel and Pascoe **19.10** Top Gear **20.00** Jack Dee Live at the Apollo **20.45** MDA **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Jack Dee Live at the Apollo **23.00** EastEnders

DR 1

10.10 21 Søndag **10.50** Bonderøven **11.30** Saras køkken **12.00** Fra Ebeltoft til Kilimanjaro **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Downton Abbey **14.00** Humf **14.05** Timmy-tid **14.15** Kasper & Lise **14.30** Kaj og Andrea **15.00** Downton Abbey **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Jamie Olivers eget køkken **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Jamie i Stockholm **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Miss Marple. Mordet i præstegården **21.05** Bibelmysteriet **22.35** OBS **22.40** Talismanen

NRK 1

11.40 Mitt heftige bryllaup **12.30** Oppdrag Sognefjorden **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Filmavisen 1960 **14.10** Popstokk **15.00** NRK nyheter **15.10** Dyrisk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Påskenøtter **17.45** Stillheten - Kari møter Wenche **18.10** Jakta på dei kongelege **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Thorne **21.00** Løsning påskenøtter **21.05** Kveldsnytt **21.20** Thorne **22.05** Robbie Williams - Let him entertain you **23.05** Nytt på nytt

svt1

10.05 Sportspegeln **10.35** Sverige! **11.10** Bamse **13.05** Vilma **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Två kockar i samma soppa **14.55** Mästarnas mästare **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Fråga doktorn **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Djursjukhuset **18.30** Det söta livet **19.00** Himmelblå **19.45** Väsen **20.00** Hej litteraturen! **20.30** Barn av sitt språk **21.00** Damages **21.45** The Kennedys **23.10** Rapport **23.15** Veckans brott

Fimm rétta
HOLI
hátíðarmatseðill
4.990 kr.

FORRÉTTUR

Pollichatu-lax
Lax marineraður í blöndu af chillí, kúmmíni, kóríander, túrmerik, engiferi og hvítlauk. Grillaður í bananalaufi

AÐALRÉTTIR

Barra-kebab
Lambafillet, marinerað í hvítlauk, rauðu chillí, fenugreek og ferskri myntu. Vinsælasti lambaréttur Norður-Indlands

og

Murg Chili Hussainee
Einstök blanda af grænu chillí, hnetum, sinnepsfræjum, saffran og rjóma setur þennan kjúklingarétt í sérflokk

og

Aloo Lucknowi
Hægeldaðar kartöflur í ljúffengri blöndu af kúmmíni, kóríander, fenugreek, engiferi og hvítlauk

MEÐLÆTI

Raitha
Salat úr heimalagaðri jógúrt og gúrkum

og

Basmati-hrísgrjón

og

Naan-brauð
Gómsæti úr tandoori-ofninum

EFTIRRÉTTUR

Crème Brûlée
Indversk útgáfa af þessum klassíska rétti með kókos- og engiferbragði

Frábær tilboð á drykkjum

Hverfisgata 56, 101 Reykjavík
Sími: 552 1630

Opið:
sun.-fim. 18:00 - 22:00
fös. og lau. 18:00 - 23:00

HOLI-hátíð um páskana hjá Austur-Indíafjelaginu

Indverska matarævintýrið heldur áfram

Um þessar mundir halda Indverjar Holi-hátíðina sína og Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi með ríkulegum hátíðarmatseðli í apríl á hreint frábæru verði: **4.990 kr**.

Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.
Borðapantanir í síma 552 1630.

Opið alla páskana.

HOLI er án efa líflegasta og litríkasta hátíð Indverja. Þá fagna þeir vorkomunni og kveðja vetrardrungann. Hvítklætt fólk, jafnt háir sem lágir, flykkist út á götur bæja og borga og baðar hvað annað upp úr alls kyns litum og gleðin ræður ríkjum.

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ
INDIAN RESTAURANT
www.austurindia.is

SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

FLUGFELAG.IS

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

ÍSLENSKA SÍA.IS FLU 52102 09/10

SJÓNVARPSÞÁTTURINN

„Það er þátturinn Treme, sem er úr smiðju þeirra sömu og gerðu Wired. Svo hef ég líka gaman af Breaking Bad og The Apprentice.“

Ingvar Geirsson, eigandi Lucky Records plötuverslunarinnar.

Kampavín og riffluðir smokkar hjá Busta

Rapparinn Busta Rhymes er væntanlegur til landsins og kemur fram á tónleikum í Vodafone-höllinni þriðjudaginn 17. maí. Rhymes er vinsæll rappari á heimsvísu en gerir þó nokkuð hógværar kröfur um varning sem á að bíða hans í búningsherberginu.

Samkvæmt kröfulista rapparans sem er aðgengilegur á vefsíðunni The Smoking Gun leggur hann mikla áherslu á steiktan kjúkling frá KFC, Moët-kampavín og riffluða smokka, enda mikill kvennamaður. Hann vill ekki hvaða smokka sem er, en þeir verða að vera frá framleiðandanum Lifestyles eða undirtegundinni Rough Riders.

Eins og allir alvörutónlistarmenn biður Busta Rhymes einnig um hvít handklæði. Tólf stykki nánar tiltekið og þau mega ekki vera merkt. Þá vill hann hóstasaft, Guinness-bjór og óheftan aðgang að heitu te.

Fréttablaðið hafði samband við Arnvið Snorrason, Adda Exos, sem stendur fyrir komu Busta Rhymes til landsins. Honum hafði ekki borist kröfulisti frá rapparanum, þannig að óvíst er hvort þetta er varningurinn sem hann vill að bíði sín í búningsherberginu í Vodafone-höllinni. **- afb**

ÖRUGGT KYNLÍF Rapparinn Busta Rhymes setur öryggið á oddinn og hefur sett smokka á kröfulista sína. Þá vill hann kampavín og steiktan kjúkling.

MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR: ÉG FÍLA ÞENNAN HÚMOR

Til í allt með Steinda Jr.

„Steindi er skemmtilegur og ég fíla þennan húmor,“ segir hjúkrunarfræðingurinn María Guðmundsdóttir, sem hefur farið á kostum í grínþáttunum Steindanum okkar.

Frammistaða Maríu hefur vakið verðskuldaða athygli í Steindanum okkar, en hún verður áberandi í nýju þáttaröðinni. María kynntist Steinda þegar hún lék með honum í fyrstu þáttaröðinni og segist skemmta sér vel við upptökurnar.

Húmorinn í Steindanum okkar er oft grófari en gengur og gerist í íslensku gríni. María segir að Steinda hafi samt aldrei tekist að hneyksla sig þegar hann ber undir hana hugmyndirnar. „Veistu það, þegar maður er orðinn svona gamall þá er maður til í allt,“ segir María og hlær. „Það getur ekki orðið verra!“

Samstarf hennar og Steinda er raunar svo gott að hún hefur aldrei nokkurn tíma hafnað hugmyndunum hans. Ekki ennþá. „Ég vona að það komi ekki til þess. Ég á ekki von á því frá honum,“ segir hún og bætir við að Steindi sé frábær strákur.

Leiklistaráhugi Maríu hefur flakkað á milli kynslóða í fjölskyldunni hennar. Dóttir hennar er einnig virk í leikfélagi Mosfellssveitar og barnabörnin tvö læra nú leiklist í London.

Hefur leiklistin fylgt þér alla tíða?

„Elskan mín, ég byrjaði að leika þegar ég varð sextug. Ég datt inn í leikfélagið í Mosfellssveit,“ segir María. „Svo hefur þetta rúllað. Ég hef verið í sjónvarpsþáttum, bíómyndum og sjónvarpsþáttum. Og nú er ég komin á eftirlaun og hef því nægan tíma. Ég fór ekki að spila bridds eða golf, ég fór að leika.“

María hefur komið víða við. Frammistaða hennar í þættinum Konfekt á Skjá einum vakti talsverða athygli á sínum tíma, en myndband þar sem hún leikur konu konu sem pantar meðal annars *tussuduft* í gegnum síma. „Það var nú allsvakalegur þáttur,“ segir María og hlær. „Fólk hneykslaðist nú svolítið á honum, en maður ansar ekki svoleiðis. Fólk hefur auðvitað rétt á sínum skoðunum, en ef maður fer ekki yfir strikið þá finnst mér þetta allt í lagi. Bara gaman að þessu.“ **atlifannar@frettabladid.is**

FER EKKI YFIR STRIKIÐ María segir suma hafa hneykslast á frammistöðu hennar í sjónvarpi. Hún segist þó halda sig réttu megin við strikið. Hún er mjög ánægð með samstarfið við grínistann Steinda Jr. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Elskan mín, ég byrjaði að leika þegar ég varð sextug.
>
> **MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR**
> HJÚKRUNARFRÆÐINGUR

Íslensk stuttmynd á Cannes-hátíðinni

„Ég og tökumaðurinn minn, Hrafn Jónsson, erum að spá í að fara, við erum komnir með miðann en nú er bara að redda pening,“ segir Eilífur Þrastarson, kvikmyndagerðarnemi í Prag. Stuttmynd hans Shirley hefur verið valinn til þátttöku á kvikmyndahátíðinni í Cannes í Stuttmyndahorninu svokallaða. Cannes er ein stærsta kvikmyndahátíð heims en þangað flykkist allt helsta kvikmyndagerðarfólk í heiminum og drekkur léttvín við hvítar strendur Miðjarðarhafsins.

„Myndin fjallar um litla stelpu sem er að reyna að láta pabba sinn hætta að drekka,“ útskýrir Eilífur en aðalhlutverkin eru í höndum Ísraela og breskrar stelpu og er myndin tekin upp í Tékklandi. Leikstjórinn, sem er við nám í Prague Film School, segir myndina hafa verið klárаða um jólin. „Ég sendi hana síðan bara inn og fékk jákvætt svar um daginn og þá var þetta bara komið.“

Eilífur hefur daðrað við tónlist og hljóðblöndun hér á landi og gerði meðal annars músík fyrir rapphljómsveitina O.N.E. Hann segist á hinn bóginn kunna vel við sig í Prag. „Þetta er bara alveg æðisleg borg sem veitir manni mikinn innblástur.“ **- fgg**

TIL CANNES Eilífur Þrastarson tekur þátt í Stuttmyndahorninu á Cannes með stuttmyndina sína Shirley.

Sumarið er tíminn til að upplifa hina óútreiknanlegu náttúru Íslands. Það er sama hvert þú ferð og í hverju þú lendir, útivistarfatnaðurinn frá **ZO•ON** er hannaður til að láta þér líða vel við allar aðstæður.

Nýja sumarlínan frá ZO•ON er komin í verslanir okkar í Kringlunni og Bankastræti
og allar helstu verslanir með útivistarfatnað á Íslandi.

ZO•ON
ICELAND
www.zo-on.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Eivör vinnur með Nik & Jay

Danski hipphoppdúettinn Nik & Jay hefur boðið söngkonunni **Eivöru Pálsdóttur** að vinna með sér titillag væntanlegrar breiðskífu Engle eller Dæmoner. Jens Guð greinir frá þessu á bloggsíðu sinni. Nik & Jay er ein allra vinsælasta hljómsveit Danmerkur og náði síðast efsta sæti danska listans á þessu ári, en það var lagið Mod solnedgangen. Hugmyndin ku vera að blanda saman lagi Eivarar Tröllabundin og lagi Nik og Jay og verður forvitnilegt að heyra útkomuna.

Vinsælt afmælisbarn

Þrennir afmælistónleikar **Björgvins Halldórssonar** í Háskólabíói á laugardags- og sunnudagskvöld heppnuðust einkar vel. Uppselt var á þá alla og þakkaði hinn sextugi Björgvin aðdáendum sínum kærlega fyrir á Facebook-síðu sinni í gær. „Ég er ríkur að upplifa þetta allt...Þúsund þakkir," skrifaði hann. Segja má að gærdagurinn hafi verið sannkallaður Björgvinsdagur á Rás 2 og Bylgjunni, aðdáendum hans til mikillar ánægju. Hlustendur Rásar 2 hringdu inn og báðu um óskalög með afmælisbarninu og voru línurnar rauðglóandi. Í Rokklandi fór í loftið fyrri hluti sérstaks þáttar um Björgvin og í gærkvöldi voru síðan fluttir á Rás 2 tónleikar Björgvins með Jóni Ólafssyni sem voru haldnir í Salnum í Kópavogi. Loks fór í loftið í gærkvöldi á Bylgjunni seinni hluti viðtalsþáttar Þorgeirs Ástvaldssonar með Björgvini, auk þess sem stöðin spilaði flest hans bestu lög um helgina.

- afb, fb

Mest lesið VÍSIR

1. Fólskuleg árás á Idol-keppanda
2. Gekk á milli manna á Kringlukránni og stal veskjum
3. Melóna sprakk á Ísafirði
4. Giftu sig nakin
5. Fegin að vera komin aftur heim

RÝMUM TIL FYRIR NÝRRI KING KOIL LÍNU!

30% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ELDRI KING KOIL LÍNUM

DÆMI UM VERÐ

Amelia
Queen Size (153x203 cm.)
Fullt verð 149.700 kr.
NÚ 99.900 kr.

Corsica
Queen Size (153x203 cm.)
Fullt verð 230.000 kr.
NÚ 161.000 kr.

Grand Haven
Queen Size (153x203 cm.)
Fullt verð 308.800 kr.
NÚ 216.160 kr.

COMFORT solutions
By King Koil®

KING KOIL

SÍÐAN ÁRIÐ 1898 HEFUR KING KOIL VARIÐ MIKLUM TÍMA OG FJÁRMUNUM Í AÐ ÞRÓA OG BÆTA FRAMLEIÐSLU SÍNA. ÞETTA ER EIN AF GRUNDVALLARÁSTÆÐUM ÞESS AÐ KING KOIL RÚMIN ERU MEÐAL ÞEIRRA FREMSTU Í HEIMINUM.

2. MAÍ KYNNIR REKKJAN 2011 LÍNUNA FRÁ KING KOIL.

AF ÞVÍ TILEFNI SELJUM VIÐ ELDRI GERÐIR MEÐ 30% AFSLÆTTI!

rekkjan

HEILSURÚM

Rekkjan ehf ·· Suðurlandsbraut 48 (Bláu húsin í Faxafeni) ·· 108 Reykjavík ·· 588 1955 ·· www.rekkjan.is ·· Opið virka d. 10–18 og lau 11–16

ARGHH! 160411

Office1
Fyrirtækjaþjónusta
ÓDÝR REKSTRARVARA
Hringdu í fyrirtækjaþjónustu Office1 og lækkaðu rekstrarkostnað fyrirtækisins.
PÖNTUNARSÍMI 550 4111
Fyrirtækjaþjónustan er opin 8 - 17
pontun@office1.is
www.office1.is